

Skýrsla
Fjármálaskrifstofu til borgarráðs
við framlagningu sex mánaða uppgjors Reykjavíkurborgar 2011



Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar
24. ágúst 2011

24. ágúst 2011
R11080004

Borgarráð

Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu janúar - júní árshlutareiknings samstæðu Reykjavíkurborgar 2011 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með árshlutareikningum. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjorsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa.

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar - júní árið 2011 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Í árshlutareikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum. Árshlutareikningurinn er óendurskoðaður og árshlutareikningar B hlutafyrirtækja hafa ekki í öllum tilvikum verið lagðir fyrir stjórnir fyrirtækjanna.

Árshlutareikningurinn samanstendur af samstæðuuppgjöri, A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir, Félagsbústaðir hf., Íprótta- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf og Jörundar ehf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Félagsbústaða, Íprótta- og sýningahallarinnar, og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Árshlutareikningur Íprótta- og sýningarhallarinnar hf. fyrir tímabilið janúar - júní 2011 lá ekki fyrir við gerð þessa árshlutareiknings og er því sleppt í samanteknum rekstrarreikningi en áramótastöður 31.12.2010 notaðar í efnahagsreikningi. Velta Íprótta- og sýningarhallarinnar er innan við 1% af veltu samstæðu Reykjavíkurborgar og hefur þessi breyting því óveruleg áhrif á samstæðuuppgjörið.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 269 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 3.174 mkr og var niðurstaðan því um 2.905 mkr betri en áætlað var. Helsta skýringin á betri afkomu felst í því að tekjur eru 1.613 mkr yfir áætlun og nettó fjármagnstekjur eru 1.722 mkr yfir áætlun. Rekstrarútgjöld eru hins vegar 430 mkr yfir áætlun. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 3.841 mkr sem er 1.183 mkr betri niðurstaða en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var neikvæð um 1.256 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 1.032 mkr jákvæðri afkomu. Frávik frá áætlun er því 2.288 mkr. Frávik felst í hærri fjármagnskostnaði en áætlun gerði ráð fyrir eða sem nemur 2.569 mkr og því er rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnskostnað 281 mkr betri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 996 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 1.522 mkr á tímabilinu. Niðurstaðan er því betri en gert var ráð fyrir, sem nemur 526 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 53 mkr en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 1.426 mkr, eða 1.373 mkr betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A og B hluta, var neikvæð um 5.373 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 868 mkr. Viðsnúning m.v. áætlun er einkum að finna í fjármagnsliðnum sem var neikvæður um 13.395 mkr einkum vegna gengistaps. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 6.863 mkr sem er um 2.052 mkr betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.

Fjárhagslegur styrkur A-hluta borgarsjóðs er mikill hvort sem litið er til eiginfjárstöðu eða hefðbundinna skuldaþekjuhluftalla eins og fram kemur í þessu uppgjöri og meðfylgjandi greinargerð.

Í viðaukum er ítarefni um kennitölur, B-hluta fyrirtæki, uppgjör Aðalsjóðs og Eignasjóðs, innheimtuárangur og afkomuviðvaranir sviða.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Efnisyfirlit

1. Samstæðan.....	2
2. A-hluti.....	3
2.1 Fjármagnsliðir A-hluta.....	4
2.2 Aðalsjóður.....	6
2.2.1 Íþróttá- og tómstundasvið.....	7
2.2.2 Leikskólasvið.....	9
2.2.3 Menningar- og ferðamálasvið.....	11
2.2.4 Menntasvið.....	13
2.2.5 Skipulags- og byggingarsvið.....	15
2.2.6 Umhverfis- og samgöngusvið.....	16
2.2.7 Velferðarsvið.....	17
2.2.8 Sameiginlegur kostnaður – skrifstofur í Ráðhúsi.....	19
2.2.9 Sameiginlegur kostnaður – Önnur útgjöld.....	20
2.2.10 Framlög til B-hluta fyrirtækja.....	21
2.3 Eignasjóður.....	22
3. B-hluti.....	25
3.1 Bílastæðasjóður.....	25
3.2 Faxaflóahafnir.....	26
3.3 Félagsbústaðir.....	27
3.4 Malbikunarstöðin Höfði.....	28
3.5 Orkuveita Reykjavíkur.....	29
3.6 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.....	32
3.7 Sorpa.....	33
3.8 Strætó.....	34
3.9 Jörundur ehf.....	34
3.10 Aflvaki hf.....	34
Viðauki 1: Kennitölur.....	35
Viðauki 2: Um B-hluta fyrirtæki.....	38
Viðauki 3: Uppgjör Aðalsjóðs.....	39
Viðauki 4: Uppgjör Eignasjóðs.....	43
Viðauki 5: Staða innheimtumála.....	47
Viðauki 6: Afkomuviðvaranir sviða.....	50

1. Samstæðan

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A og B hluta, var neikvæð um 5.373 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 868 mkr. Viðsnúning m.v. áætlun er einkum að finna í fjármagnsliðnum sem var neikvæður um 13.395 mkr einkum vegna gengistaps. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 6.863 mkr sem er um 2.052 mkr betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrartekjur voru 50.822 mkr sem er 2.351 mkr betra en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrargjöld voru 43.959 mkr sem er 299 mkr yfir áætlun.

Heildareignir voru 455.415 mkr, þar af í fastafjármunum 421.290 mkr og í veltufjármunum 34.125 mkr. Heildarskuldir voru 321.292 mkr og eigið fé 134.123 mkr. Vakin er athygli á því að fastafjármunir eru metnir í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar skv. kostnaðarverðisreglu með þeirri undantekningu að Orkuveita Reykjavíkur notar gangvirðisreglu skv. alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS¹.

Veltufé frá rekstri nam 11.768 mkr samanborið við 9.031 mkr skv. fjárhagsáætlun. Handbært fé frá rekstri nam 12.539 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 8.336 mkr.

Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar í heildina um 7.918 mkr, þar af fjárfestingar í fastafjármunum 8.152 mkr. Söluverð seldra rekstrarfjármuna var 496 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 401 mkr. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 7.672 mkr, þar af ný langtímalán 3.866 mkr en afborganir langtímalána og lífeyrisskuldbindinga námu 8.718 mkr.

Handbært fé samstæðunnar nam 15.977 mkr í lok tímabils.

Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar á fyrstu sex mánuðum árána 2008-2011².

Samstæða	2008	2009	2010	2011
Eiginfjárlutfall	39,7%	25,6%	28,7%	29,5%
Arðsemi eigin fjár	-12,9%	-12,4%	2,4%	-4,0%
Veltufjárlutfall	1,65	0,83	0,92	0,91
Skuldsetningarhlutfall	118,2%	234,1%	211,9%	202,7%
Uppgreiðslutími	12	23	17	12

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar er talsvert lakari en áætlun gerði ráð fyrir sem einkum má rekja til óhagstæðrar gengisþróunar. Mikilvægt er að gefa því gaum rekstarhagnaður fyrir fjármagnsliði var jákvæður og mun meiri en áætlað var.

¹ International Financial Reporting Standards.


² Í viðauka 1 er nánar fjallað um kennitölur.

2. A-hluti

Ársreikningur A-hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs og Eignasjóðs.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 996 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 1.522 mkr á tímabilinu. Niðurstaðan er því betri en gert var ráð fyrir, sem nemur 526 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 53 mkr en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 1.426 mkr, eða 1.373 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Eftirfarandi mynd lýsir niðurstöðu A-hluta janúar-júní 2011 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Rekstur A-hluta (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Tekjur	29.168	32.253	30.520	1.734	5,7%
Laun og launatengd gjöld	16.073	17.432	16.963	468	2,8%
Annar rekstrarkostnaður	14.491	14.875	14.982	-108	-0,7%
Fjármagnsliðir	541	-943	-96	-847	880,1%
Rekstrarniðurstaða	-855	-996	-1.522	526	-34,5%

Rekstrartekjur voru 32.253 mkr eða 1.734 mkr yfir áætlun, þar af voru skatttekjur 1.912 mkr yfir áætlun og aðrar tekjur 178 mkr undir áætlun. Tekjur Aðalsjóðs voru 1.613 mkr umfram áætlun, tekjur Eignasjóðs voru 218 mkr yfir áætlun. Milliviðskipti milli Aðalsjóðs og Eignasjóðs voru um 98 mkr hærrí en áætlað var sem skýrir mismuninn.

Rekstrargjöld voru 32.307 mkr eða um 360 mkr yfir áætlun. Þar af var launakostnaður um 468 mkr yfir áætlun; Aðalsjóður 494 mkr yfir en Eignasjóður 25 mkr undir. Kostnaðaráhrif kjarasamninga nema skv. bráðabirgðamati um 461 mkr vegna júní mánaðar³. Annar rekstrarkostnaður og afskriftir voru 108 mkr undir áætlun. Þar af var Aðalsjóður 64 mkr undir áætlun en Eignasjóður 38 mkr undir áætlun. Mismun sem nemur 6,5 mkr má skýra með hærri milliviðskiptum milli Aðalsjóðs og Eignasjóðs en áætlað var. Nettó fjármagnsgjöld voru 943 mkr en gert var ráð fyrir 96 mkr. Nánar er fjallað um fjármagnsliðinn í næsta kafla. Í ytra umhverfi hefur gengisþróun verið óhagstæð frá áramótum og verðbólga meiri en gert var ráð fyrir. Gengi krónunnar hefur veikst um 5,8% en í forsendum fjárhagsáætlunar var ekki gert ráð fyrir breytingu á gegni. Verðbólga á tímabilinu var 3,5% en í forsendum fjárhagsáætlunar 0,94% miðað við hálf ár.

Heildareignir námu 131.881 mkr, þar af fastafjármunir 111.570 mkr og veltufjármunir 20.311 mkr. Hækkun fastafjármuna nam 26.301 mkr vegna breytinga á reikningsskilum. Heildarskuldir námu 52.563 mkr og eigið fé 79.318 mkr.

Veltufé frá rekstri nam 1.982 mkr samanborið við áætlað 413 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 2.915 mkr.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 1.625 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 1.627 mkr⁴. Sala rekstrarfjármuna var 253 mkr á tímabilinu en áætlun gerði ráð fyrir 220 mkr. Fjármögnunarhreyfingar voru 1.923 mkr. Þar af voru tekin ný lán fyrir 2.861 mkr, en afborganir langtímalána og lífeyrisskuldbindinga 822 mkr. Handbært fé í lok tímabils var 10.414 mkr.

³ Gjaldfærslur koma í einhverjum tilvikum fram síðar og gætu áhrifin á júní mánuð því verið ofmetin að einhverju leyti.

⁴ Miðað er við endurskoðaða fjárfestingaráætlun frá 30. júní 2011

Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta á fyrstu sex mánuðum árunna 2008-2011.

A- hluti	2008	2009	2010	2011
Eiginfjárlutfall	58,9%	57,0%	60,2%	60,1%
Arðsemi eigin fjár	-0,7%	-2,4%	-1,1%	-1,3%
Veltufjárlutfall	1,80	1,64	2,11	1,71
Skuldsetningarhlutfall	13,4%	22,6%	38,3%	41,0%
Uppgreiðslutími	2	5	9	9

A-hluti Reykjavíkurborgar sýnir mikinn fjárhagslegan styrk og gott greiðsluhæfi. Hækkandi skuldsetningarhlutfall skýrist bæði af lántökum vegna fjármögnunar fjárfestinga og skuldbindingum vegna leigusamninga.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrartap fyrir fjármagnsliði er 53 mkr, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 1.426 mkr tapi. Megin ástæðuna fyrir betri niðurstöðu má rekja til útsvarstekna umfram áætlun.
- Nettó fjármagnsgjöld eru 943 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 96 mkr. Hærrí fjármagnsgjöld má rekja til hærri verðbólgu og óhagstæðari gengisþróunar en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.
- ÍTR, LSR, MSR og USR hafa kynnt borgarstjóra í samræmi við 5. kafla í reglum um gerð fjárhagsáætlunar afkomuviðvaranir vegna útkomu ársins sem nánar er fjallað um hér á eftir.
- Kostnaðaráhrif kjarasamninga nema skv. bráðabirgðamati um 461 mkr vegna júní mánaðar, en meirihluti þeirrar fjárhæðar er vegna sammingsbundinnar eingreiðslu. Heildaráhrifin á árinu 2011 eru skv. bráðabirgðamati um 1,2 milljarðar króna. Ekki er tekið tillit til nýgerða samninga við leikskólakennara við þessa útreikninga. Jafnframt eru ótalin áhrif vegna samninga við þriðja aðila, s.s. einkarekna leikskóla.
- Vakín er athygli á að ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa kjarasamninga til hækkunar á lífeyrisskuldbindingum. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 600 mkr gjaldfærslu en væntanlega verður sú fjárhæð töluvert hærri þegar tryggingafræðilegt mat liggur fyrir hjá lífeyrissjóðnum.
- Fjárfestingar Eignasjóðs nema aðeins um 2 milljörðum kr. en í áætlun ársins er gert ráð fyrir fjárfestingum fyrir um 6,5 milljarða. Af þessum sökum hefur verið hægt á lántökum á fyrri hluta ársins. En staða handbærs fjár var 10,4 milljarðar í lok júní mánaðar.
- Með aðgerðaráætlun OR frá apríl 2011 eiga lánalínur fyrirtækisins að tryggja lausafjórþörf OR sökum markaðsáhættu fyrir tímabilið 2011 til 2016. Af þessum sökum er ekki lengur þörf á 10 – 12 milljarða lausafjórstöðu hjá A-hluta borgarsjóðs vegna markaðsáhættu OR. Áfram þarf A-hluti borgarsjóðs að hafa sterka lausafjórstöðu vegna fjármögnunaráhættu B-hluta fyrirtækja. Staða handbærs fjár er vel viðundandi, en þessa góðu stöðu má að hluta til rekja til seinkunar framkvæmda. Fjármálaskrifstofa mun á næstu misserum fylgjast náið með framkvæmd aðgerðaráætlunar OR.

2.1 Fjármagnsliðir A-hluta

Nettó fjármagnsgjöld A-hluta voru 943 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 96 mkr. Netto fjármunatekjur Aðalsjóðs námu 3.572 mkr en í áætlun var gert ráð fyrir 1.850 mkr. Netto fjármagnsgjöld Eignasjóðs voru 4.515 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 1.946 mkr. Meginskýring á frávikum frá áætlun Aðalsjóðs og Eignasjóðs er mun hærri verðbólga en áætlað var. Vaxtatekjur í Aðalsjóði eru um 1.722 mkr hærri en áætlað var. Vaxtagjöld Eignasjóðs eru 2.569 mkr hærri en áætlað var. Þróun á gengi krónunnar var óhagstæð, sem leiddi til um 126 mkr gengistaps erlendra lána. Verulega minni frávik eru svo á öðrum liðum.

Ríkisbréf

Ríkisbréf skiptast í tvö skuldabréfasöfn, Veltusafn og Kjarnasafn. Stærð Veltusafns er 3.571 mkr og nam ávöxtun safns 3,32%. Stærð Kjarnasafns er 3.191 mkr og nam ávöxtun safns 3,19%. Viðmið safnana fyrir tímabilið nemur 3,32%. Talsvert flókt getur verið í ávöxtun á milli einstakra mánaða. Meðfylgjandi er ávöxtun safnana fyrir einstakan mánuð borið saman við viðmið.

	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní
Veltusafn	-0,30%	0,42%	2,22%	1,75%	-1,59%	0,83%
Viðmið	0,34%	0,49%	2,05%	1,21%	-2,41%	1,66%

	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní
Kjarnasafn	-0,19%	0,53%	2,35%	1,35%	-2,07%	1,23%
Viðmið	0,34%	0,49%	2,05%	1,21%	-2,41%	1,66%

Bankainnlán

Meðfylgjandi er yfirlit yfir meðalávöxtun bankainnlána Reykjavíkurborgar borið saman við stýrivexti Seðlabanka Íslands.

	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní
M.vextir Rvík	3,87%	3,70%	3,65%	3,65%	3,65%	3,65%
Stýrivextir S.Í	4,50%	4,25%	4,25%	4,25%	4,25%	4,25%

Handbært fé

Handbært fé í lok tímabilsins var 10.414 mkr og hefur lækkað frá áramótum um 4.254 mkr. Meginástæða þessar lækkunar er lánveiting Reykjavíkurborgar til Orkuveitu Reykjavíkur í apríl 2011, en hún nam 7.483 mkr. Umfang og tímasetningar framkvæmda hafa einnig mikil áhrif á stöðu handbærs fjár á hverjum tíma. Skipting eftir innlánsformum var eftirfarandi:

Lausafjárstaða Reykjavíkurborgar 30.06.2011	
Innlán í bönkum	2.978
Ríkisbréf	6.763
Innlán í erlendri mynt	673
Samtals	10.414

Staða innlendra lána

Mánaðarlega hafa verið haldin útboð í skuldabréfaflokknum RVK 09 1 samkvæmt útgáfuáætlun sem birt var í kauphöll OMX Nasdaq. Heimild til stækkunar flokksins á árinu nemur alls 6.300 mkr. Tilboð sem samþykkt hafa verið nema 2.440 mkr að nafnvirði. Meðalávöxtunarkrafan samþykktra tilboða er 3,90%. Markaðsaðilar hafa verið áhugasamir um skuldabréfaflokkinn og fjölmörg tilboð berast í hverju útboði en ávöxtunarkrafan hefur oft á tíðum ekki verið ásætlanleg og tilboðum á of hárrí ávöxtunarkröfu er þar af leiðandi ekki tekið.

Önnur innlend lán: Fyrir utan hinn virka skuldabréfaflokk RVK 09 1 sem gefin var fyrst út á árinu 2009 og skráður er á markaði er Reykjavíkurborg með tvo aðra skráða skuldabréfaflokka í kauphöll. Þetta eru skuldabréfaflokkur sem gefin var út á árinu 1996 og á árinu 2005. Önnur lán nema óverulegri fjárhæð.

Staða innlendra lána var eftirfarandi m.v. 30.6.2011:

Staða innlendra lána í mkr.	31.12.2010	30.06.2011
Skuldabréf útgefin 1996 - RVK 96	2.424	2.277
Skuldabréf útgefin 2005 - RVK 05	1.822	1.833
Skuldabréf útgefin 2009 - RVK 09 1	9.423	12.435
Lán frá Lánasjóði sveitarfélaga	983	959
Samtals	14.652	17.503

Staða erlendra lána

Staða erlendra lána 30.6.2011 nam 3.253 mkr en í ársbyrjun var staða þeirra 3.129 mkr.

Staða lána Reykjavíkurborgar eftir myntum:

Staða erlendra lána í mkr.	31.12.2010	30.06.2011
JPY	589	593
GBP	1.790	1.836
EUR	370	399
CHF	381	425
Samtals	3.129	3.253

Skulda- og áhættustýring

Samkvæmt gildandi stefnu er gengisvog Seðlabanka Íslands lögð til grundvallar sem helsta viðmið við mat á árangri skulda- og áhættustýringar erlendra lána. Þannig er gengistap vegna erlendra lána A-hluta 126 mkr. Vextir erlendra lánasafnsins er 3,04% og hefur hækkað um 35 punkta frá síðasta uppgjöri. Hagræði vegna vaxtasparnaðar umfram ávöxtunarkröfu 15 ára fbúðarbréfa nam 207 mkr á tímabilinu. Samanlagður hagnaður vegna gengis- og vaxtamunar var 83 mkr á tímabilinu janúar til júní.


Íslenska krónan hefur veikt um 5,8% frá áramótum ef notuð er vísitala meðalgengis (þröng karfa) á tímabilinu. Lánakarfa Reykjavíkurborgar í íslenskri mynt hefur hækkað um 3,9% og munar þar um 58 mkr ef miðað er við vísitölu. Vísitala neysluverðs hefur hækkað og mældist hún 4,2% sl. 12 mánuði og 3,5% frá áramótum.

Fjárstýring fylgist náið með þróun erlenda lánasafnsins og þróun helstu stærða skuldabréfasafna. Áhættuvarnir í formi afleiðusamninga eru ekki aðgengilegar sem hluti af lánastýringu. Á það skal þó bent að með innlendum lántökum með útgáfu skuldabréfa á markaði, 2009, 2010 og 2011, þá hefur vægi erlendra lána minnkað verulega og þar með sú gengisáhætta sem felst í lántöku í erlendri mynt en allar tekjur A-hluta borgarsjóðs eru í ísl.kr.

2.2 Aðalsjóður

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 269 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 3.174 mkr og var niðurstaðan því um 2.905 mkr betri en áætlað var. Helsta skýringin á betri afkomu felst í því að tekjur eru 1.613 mkr yfir áætlun og nettó fjármagnstekjur eru 1.722 mkr yfir áætlun. Rekstrarútgjöld eru hins vegar 430 mkr yfir áætlun. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 3.841 mkr sem er 1.183 mkr betra en áætlað var.

Eftirfarandi mynd lýsir niðurstöðu Aðalsjóðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Rekstur Aðalsjóðs (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Tekjur	29.336	32.572	30.959	1.613	5,2%
Laun og launatengd gjöld	15.479	16.873	16.379	493	3,0%
Annar rekstrarkostnaður	18.499	19.540	19.603	-63	-0,3%
Fjármagnsliðir	3.854	3.572	1.850	1.722	93,1%
Rekstrarniðurstaða	-788	-269	-3.174	2.905	-91,5%

Rekstrartekjur voru 32.572 mkr eða 1.613 mkr umfram áætlun. Skatttekjur voru 27.813 mkr eða 1.818 mkr yfir áætlun, þar af útsvarstekjur 1.683 mkr yfir áætlun.

Tekjur vegna fasteignagjalda og lóðaleigu voru 5.946 mkr eða 12 mkr yfir áætlun. Þjónustutekjur voru 4.759 mkr eða 205 mkr undir áætlun.

Tekjur (mkr)	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Útsvar, bruttó	22.701	21.019	1.683	8,01%
Framlag í Jöfnunarsjóð	-2.716	-2.611	-105	4,03%
Útsvar, netto	19.986	18.408	1.578	8,57%
Fasteignaskattur	5.510	5.502	7	0,13%
Lóðaleiga	436	431	5	1,11%
Framlög úr Jöfnunarsjóði	1.882	1.653	229	13,83%
Samtals skatttekjur	27.813	25.995	1.818	6,99%
Þjónustutekjur	2.665	2.813	-148	-5,28%
Eignatekjur	240	245	-5	-2,04%
Aðrar tekjur	1.855	1.906	-51	-2,70%
Tekjur alls	32.572	30.959	1.613	5,21%

Rekstrarkostnaður var 36.413 mkr eða 431 mkr yfir fjárheimildum, þar af var launakostnaður 493 mkr yfir áætlun en annar rekstrarkostnaður 63 mkr undir áætlun. Greining á frávikum einstakra sviða er að finna hér á eftir.


Nettó fjármagnstekjur voru 3.572 mkr eða 1.722 mkr umfram áætlun, en hærri fjármagnstekjur Aðalsjóðs endurspeglast að hluta í fjármagnslið Eignasjóðs. Vaxta- og verðbótatekjur frá Eignasjóði voru 1.334 mkr yfir áætlun, vaxtatekjur af handbæru fé voru um 337 mkr eða um 98 mkr yfir áætlun. Dráttarvaxtatekjur veltufjármuna voru 113 mkr yfir áætlun. Arður og ábyrgðargjöld eru 25 mkr undir áætlun sem skýrist af dreifingu á mánuði.

Heildareignir voru 82.806 mkr, þar af fastafjármunir 61.535 mkr og veltufjármunir 21.271 mkr. Heildarskuldir voru 20.915 mkr, þar af námu lífeyrisskuldbindingar 8.131 mkr. Eigið fé nam 61.892 mkr.

Handbært fé í lok tímabils var 10.414 mkr. Handbært fé á innlánsreikningum banka var um 2.978 mkr, í ríkisbréfum um 6.762 mkr og á gjaldeyrisreikningum 673 mkr.

2.2.1 Íþrótt- og tómstundasvið

Eftirfarandi mynd lýsir niðurstöðu í rekstri Íþrótt- og tómstundasviðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2010 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Rekstur ÍTR (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Tekjur	690	683	734	-50	-6,8%
Laun og launatengd gjöld	1.484	1.569	1.470	99	6,7%
Annar rekstrarkostnaður	2.716	2.698	2.955	-257	-8,7%
Rekstrarniðurstaða	3.510	3.583	3.691	-108	-2,9%

Rekstrarniðurstaða Íþrótt- og tómstundasviðs var 3.583 mkr eða 108 mkr undir fjárheimildum tímabilsins.

Tekjur:

Tekjur voru 683 mkr, sem er 50 mkr eða 6,8% undir áætlun. Minni tekjur má aðallega rekja til þess að framlög Jöfnunarsjóðs vegna reksturs frístundaklúbba og vegna frístundaheimilis fyrir 10-16 ára í Vesturhlíð sem áætlað var 37,5 mkr á tímabilinu hefur ekki borist.

Launakostnaður:

Laun og launatengd gjöld voru um 1.569 mkr, sem er 99 mkr eða 6,7% yfir fjárheimildum. Kostnaður vegna kjarasamninga nam skv. bráðabirgðamati um 46 mkr sem ekki var áætlað fyrir. Frávik að öðru leyti, eða um 53 mkr, má rekja til samstarfsverkefna í Hinu húsinu þar sem auknar tekjur munu koma á móti, atvinnuátaksverkefna þar sem vinnumálastofnun endurgreiðir launakostnað og kostnaðar vegna íþróttahúsa sem gert hafði verið ráð fyrir að íþróttafélög yfirtækju en ÍTR þarf að borga hefðbundinn uppsagnarfrest áður en félögin geta tekið við starfsmönnum.

Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður var um 2.698 mkr, sem er 257 mkr eða 8,7% undir fjárheimildum, sem má einkum rekja til lægri húsaleigu- og æfingastyrkja á tímabilinu en áætlað var og þess að framlag til Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins hefur ekki verið gjaldfært.

Húsaleigu- og æfingastyrkir: Kostnaður vegna húsaleigu- og æfingastyrkja var 949 mkr, sem er 179 mkr eða 16% undir fjárheimildum. Skýringar á frávikum má rekja til þess að gert var ráð fyrir greiðslu til ÍBR vegna þjónustusamninga við Íþróttafélög upp á 155 mkr sem ekki hefur komið til greiðslu. Ekki hafa verið gjaldfærðir styrkir vegna afnota Íþróttafélaga af Íþróttahúsum sem Íþróttafélögin eru að taka yfir á árinu, alls 15,2 mkr

Frístundaheimili og frístundaklúbbar: Kostnaður vegna reksturs frístundaheimila og frístundaklúbba var 508 mkr, sem er 62,3 mkr yfir áætlun eða um 14%. Tekjur eru 76,6 mkr undir áætlun tímabilsins, sem skýrist að mestu á því að framlag ríkisins frá Jöfnunarsjóði vegna fatlaðra barna í frístundaklúbbum hefur ekki borist vegna starfsemi á vormisseri. Auk þess voru tekjur vegna síðdegishressingar og lengdrar viðveru undir áætlun en lengd viðvera var ekki nýtt í eins miklum mæli og gert hafði verið ráð fyrir og gjaldskrárbreytingar komust ekki í framkvæmd í janúar eins og ráð var gert fyrir. Þá hefur gjaldskrárbreytingin haft þau áhrif að börn eru færri daga í vistun en búist var við og tekjur eru því lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Kostnaður við stuðningsúræði í almennu grunnskólunum nemur 125,6 mkr á fyrstu sex mánuðum ársins. Að teknu tilliti til kostnaðar í Öskjuhlíðarskóla nemur kostnaðurinn um 162 mkr sem er um 20 mkr hærri en áætlun tímabilsins.

Sundlaugar: Kostnaður vegna reksturs sundlauga var um 484 mkr eða um 36 mkr eða 8% yfir fjárheimildum. Kostnaðaráhrif kjarasamninga eru 9,4 mkr. Tekjur sundlauga eru 7,4 mkr undir áætlun sem rekja má til þriðjungs lækkunar á framlagi Velferðarsviðs til sundferða aldraðra og öryrkja, lækkunin nam 5,8 mkr á fyrri helming ársins. Lækkunin á framlaginu byggist á því að aldursmörk aldraðra voru hækkuð upp í 70 ár, en ákveðið var að taka ekki réttindin af öldruðum sem fengið höfðu kort. Innri leiga er 6,8 mkr hærri en áætlun. Fallið hefur til meiri sérfræðikostnaður vegna útgáfu rafrænna sundkorta en gert hafði verið ráð fyrir. Fyrirhugaðar lokanir á tveimur laugum í 3 vikur vegna viðhalds gengur ekki eftir.

Frístundamiðstöðvar: Kostnaður vegna frístundamiðstöðva var 372 mkr sem er 52 mkr eða 16% yfir fjárheimildum. Megin skýringar á frávikum liggja í auknum launakostnaði vegna atvinnuátaksverkefna og samstarfsverkefna þar sem endurgreiðslur eiga eftir að berast.

Frístundakort: Kostnaður vegna frístundakorta var 235 mkr eða 8% undir fjárheimildum.

Íþróttamannvirki: Kostnaður við rekstur íþróttamannvirkja var 203 mkr sem er 17 mkr eða um 9% yfir fjárheimildum. Megin skýringar á frávikum má rekja til þess að tekjur hafa ekki verið færðar að fullu vegna mannvirkja sem Íþróttafélög tóku yfir á árinu má þar nefna Íþróttahúsið í Austubergi, Seljahverfi, í Grafarvogi og Laugaból. Þegar fjárhagsáætlun lá fyrir var gengið til samninga við Fjölni og ÍR um að þau tækju að sér rekstur íþróttamannvirkja fá miðju ári. Hærri kostnaður í rekstri íþróttamannvirkja birtist í lægri styrkjum til Íþróttafélaga á móti.

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins: Rekstrarframlag ÍTR hefur ekki verið gjaldfært en samkvæmt áætlun var gert ráð fyrir 74 mkr á fyrri hluta ársins.

Rekstrarniðurstaða Skíðasvæðanna var neikvæð um 62,2 mkr, en án afskrifta nam tapið 34,1 mkr. Rekstrartekjur námu 111,5 mkr sem er 20,8 mkr lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir eða 15,8%, þar af nema framlög sveitarfélaga 51,1 mkr. Tekjur vegna aðgangseyris og annarra afleiddra þátta voru töluvert undir áætlun. Veðrið hefur mikið að segja varðandi aðsókn og opnunardaga. Nægur snjór var í fjöllum en veðráttan var að öðru leyti mjög óhagstæð. Ekki náðist samfella í opnunardögum og náðust mest þrír dagar í röð og einungis ein heilstæð opunarhelgi. Rekstrargjöld námu 173,8 mkr þar af námu afskriftir 28,2 mkr. Launakostnaður nam 64,6 mkr sem er 8,1 mkr yfir áætlun eða 14,4% vegna fleiri opnunardaga en áætlun gerði ráð fyrir. Annar rekstrarkostnaður nam 81 mkr sem er 5,9 mkr yfir áætlun eða 7,9%. Aukinn rekstrarkostnað má rekja til opunar Hjólagarðs í Skálafelli sem verður endurgreiddur af ÍTR. Búið er að draga úr viðhaldi eins og hægt er í ljósi afkomunnar.

Styrkir til íþrótt- og æskulýðsmála: Styrkir námu 9,9 mkr, sem er á áætlun.

Annað: Þjónusta við félög er 33 mkr eða 16,5 mkr yfir áætlun þar sem reikningar vegna umhirðu valla kom fyrr til greiðslu en gert var ráð fyrir í greiðsluáætlun. Atvinnumál eru undir 31,5 mkr, kostnaður vegna atvinnumála er færður að stórum hluta á þeim starfsstöðum sem fengu úthlutun úr atvinnupotti og verða fjárheimildir færðar til þegar uppgjör liggur fyrir í lok sumars. Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn er 10,7 mkr yfir eða 16%, þar af er kostnaður vegna atvinnuátaksverkefna 4,3 mkr sem verður leiðrétt við lok sumars. Orkukostnaður er 1,6 mkr yfir áætlun. Kostnaður vegna viðhalds og endurnýjunar búnaðar er 2,7 mkr hærri en áætlun tímabilsins en leiðréttist væntanlega þegar líður á árið.


Afkomuviðvörðun: Sviðsstjóri hefur sent fjármálastjóra afkomuviðvörðun vegna rekstrarniðurstöðu sviðsins á árinu 2011. Þar kemur fram að sameiningu félagsmiðstöðva hefur verið frestað, gjaldtöku á Ylströnd hefur ekki verið komið á, mótramlag ríkisins vegna frístundastarfs fatlaðra barna og unglinga er ekki að skila sér í samræmi við áætlun, útgjöld vegna stuðnings á frístundaheimilum vegna einhverfutilfella eru að aukast, horfið hefur verið frá lokun sundstaða sem fyrirhuguð var vegna viðhalds, tekjulækkun sundlauga vegna aldraðra og borgarstarfsmanna, aukin húsaleiga vegna flutnings aðalskrifstofu í Borgartúni, nýir íþróttasalir í Sæmundar- og Norðlingaskóla teknir í notkun í haust, aukinn stuðningur við íþróttastarf í Grafarholti og Úlfarsárdal, Menntasvið hefur horfið frá kostnaðarþátttöku í norrænu grunnskólamóti, auk þess sem halli er á rekstri Skíðasvæðanna.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Frístundaheimilin hafa verið rekin með um 36 mkr halla fyrstu sex mánuði ársins. Megin skýringin á því er skv. ÍTR að gjaldskrárhækkun kom síðar til framkvæmda en áætlað var, en tekjur eru um 22 mkr undir áætlun. Benda má á að launakostnaður er 24,5 mkr yfir fjárheimildum, en annar rekstrarkostnaður um 10,5 mkr undir áætlun. Fjöldi barna er í takt við áætlun fyrstu mánuðina en það hefur verið meiri fækkun í 5 daga vistunum en búist var við, mögulega vegna gjaldskrárbreytinganna.
- Frístundaklúbbar hafa verið reknir með um 26 mkr halla fyrstu sex mánuði ársins. Megin skýringin felst í því að ríkið hefur ekki greitt 37,5 mkr áætlað framlag til starfseminnar. Laun og annar rekstrarkostnaður er hins vegar 28,3 mkr undir fjárheimildum. Á síðasta ári ákvað Jöfnunarsjóður einhliða að draga úr framlögum til frístundastarfs fatlaðra barna á aldrinum 10-16 ára.
- Rekstur frístundamiðstöðva er 52 mkr umfram fjárheimildir á tímabilinu eða 16% og reiknar sviðið með því að fá endurgreiðslur vegna þessa síðar á árinu.
- Rekstrarframlag til Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 74 mkr hefur ekki verið fært. Rekstur skíðasvæðanna fer í gegnum Reykjavíkurborg og hafa framlög sveitarfélaganna ekki verið innheimt fyrir tímabilið.
- Vakin er athygli á að í fjárhagsáætlun er ekki gerð grein fyrir tekjum og gjöldum einstakra rekstrareininga frístundaheimila og frístundaklúbba, sem torveldar frávíkagreiningu fyrir borgarráð.
- Húsaleigukostnaður einstakra sviða hefur hækkað vegna flutnings í Höfðatorg en með þessum breytingum var unnt að selja húsnæði, segja upp leiguhúsnæði gagnvart þriðja aðila og nýta betur það húsnæði sem fyrir var þannig að þegar á heildina er litið lækkar kostnaður A-hluta borgarsjóðs mikið bæði á árinu 2011 en einkum til lengri tíma litið.

2.2.2 Leikskólasvið

Eftirfarandi mynd lýsir niðurstöðu í rekstri Leikskólasviðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa frávíki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Rekstur LSR (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Tekjur	657	653	656	-3	-0,4%
Laun og launatengd gjöld	3.258	3.402	3.340	62	1,9%
Annar rekstrarkostnaður	1.870	1.960	2.000	-40	-2,0%
Rekstrarniðurstaða	4.471	4.709	4.684	24	0,5%

Rekstrarniðurstaða Leikskólasviðs var 4.709 mkr eða 24,5 mkr umfram fjárheimildir tímabilsins, sem skýrist af launahækkunum sem komu til framkvæmda í júní mánuði og ekki var áætlað fyrir.

Tekjur:

Tekjur eru 2,9 mkr. umfram áætlun sem skýrist af styrkjum til sviðsins en kostnaður færir þar á móti og nettóáhrifin eru því engin.

Launakostnaður:

Laun eru rúmlega 62 mkr yfir áætlun. Kostnaðaráhrif kjarasamninga í júnímánuði skv. bráðabirgðamati nema 83 mkr. Áhrif nýs kjarasamnings við leikskólakennara eru ekki þekkt.

Áætlaður stöðugildafjöldi á leikskólanna er 1.278 á mánuði að meðaltali á tímabilinu án sérkennslu en raunstöðugildafjöldi var að meðaltali 1.316 eða 38 stöðugildi að meðaltali yfir áætlun. Hins vegar var fjöldi yfirvinnutíma 39% undir áætlun, áætlaðar eru 3.521 yfirvinnustundir á leikskólana að meðaltali á mánuði en eru í raun 2.170 að meðaltali á mánuði, sem gera upb 25 mkr afgang. Þá eru laun í leikskólum einnig í einhverjum tilfellum lægri en áætlað var, ýmist af því að ódýrari starfsmenn komu inn í stöður sem óráðið var í eða lægra launaðir starfsmenn voru ráðnir í stað herra launaðra starfsmanna sem létu af störfum.

Sérkennsla nam 315,6 mkr fyrstu sex mánuði ársins og er komin 12,6 mkr yfir áætlun þrátt fyrir að fjárhagsáætlun fyrstu sex mánuði ársins er mun hærri en áætlun síðari hluta árs eða í hlutföllunum 55/45. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að gerðar yrðu breytingar á úthlutunarreglum sem skiluðu sér í lækkun á fjárhæð síðari hluta ársins. Skv. stjórnendum sviðsins er veruleg hætta er því á því að sérkennslukostnaður fari fram úr fjárhagsáætlun og til að bregðast við því hefur sviðsstjóri takmarkað úthlutun við fjárhæð fjárheimildar.

Úthlutun úr potti langtímaveikinda var breytt í upphafi árs þannig að í stað þess að úthluta fjármagni úr pottinum fyrir öllum langtímaveikindum eftir þriggja vikna samfelld veikindi er úthlutað eftir fjögurra vikna samfelld veikindi og einungis þeirri fjárhæð sem áætlað er fyrir (áður var úthlutað skv. umsóknnum og veikindapottur var með verulegan hallarekstur). Leikskólar hafa fengið tæplega 45% af launakostnaði vegna langtímaveikinda. Þessi breyting hefur mest áhrif á þá leikskóla sem langtímaveikindi eru hvað mest.

Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður er rúmlega 40 mkr. minni en fjárheimild.

Greiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla eru tæplega 38 mkr. minni en fjárheimild vegna þess að greitt er með færri börnum þar en áætlað var. Greiðslur til dagforeldra eru tæplega 41 mkr undir áætlun vegna þess að greitt er með færri börnum en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Greiðsla þjónustutryggingar fyrir tímabilið jan-mars (var aflögð 1. apríl sl.) er 13,5 mkr undir áætlun vegna þess að greitt var með færri börnum en áætlað var. Sameiginlegur kostnaður starfsmannaþjónustu er um 8 mkr undir áætlun í öðrum rekstrarkostnaði. Samtals eru þessir liðir upb 100 mkr undir fjárheimild.

Leikskólar borgarinnar eru um 53,7 mkr. yfir áætlun í öðrum rekstrarkostnaði. Munar þar mest um fæðiskostnað sem er 26 mkr yfir áætlun, kostnað vegna sérkennslu sem er 23 mkr yfir áætlun í öðrum rekstrarkostnaði vegna þess að öll sérkennsla var áætluð á launakostnað en fjármagn til sjálfstætt starfandi leikskóla bókast hins vegar á annan rekstrarkostnað og eru nettó áhrif því engin og innri leigu sem er 5,9 mkr yfir áætlun. Þá eru aðrir liðir eins og viðhald skrifstofuvéla og innanstokksmuna og kennsluefni yfir áætlun.

Aðalskrifstofa (yfirstjórn) er 5,3 mkr. yfir áætlun í öðrum rekstrarkostnaði. Ástæðan fyrir því er sú að í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir því að innri leiga í Miðbæjarskóla yrði um 1 mkr á mánuði en innri leiga á Höfðatorgi er rúmlega 2,2 mkr á mánuði. Á árinu mun þetta skapa 14 mkr hallarekstur á sviðinu ef ekkert verður að gert.

Aðrir liðir eru í heildina undir áætlun.

Frávik í mikilvægum grunnþjónustuverkefnum:

Janúar - júní (meðaltal)	Áætlaður fjöldi barna	Raunfjöldi barna	Mismunur	Áætlaður fj. dvalargilda*	Raunfjöldi Dvalargilda	Mismunur
Borgarreknir leikskólar	5.735	5.743	9	57.715	57.878	163
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.145	1.061	-84	13.682	12.543	-1.139
Dagforeldrar	1010	857	-153			
Þjónustutrygging	924	699	-225			

* dvalargildi = dvalarstundir x barngildisstuðull

Borgarreknir leikskólar: Kostnaður vegna borgarrekinna leikskóla og tengdra liða var 3.565 mkr, fjárheimild tímabilsins er 3.445 mkr og var liðurinn því 120 mkr eða 3% umfram fjárheimildir. Meginástæðu þess má rekja til launahækkana í júní mánuði, 83 mkr en einnig að hagræðingaradgerðir urðu minni en áætlað og tóku gildi síðar en gert var ráð fyrir. Auk þess eru leikskólar með hallarekstur. Mikil breidd er í rekstrarniðurstöðu einstakra leikskóla, frá 10% afgangi í 6% hallarekstur. Af 75 borgarreknnum leikskólum voru 38 reknir með rúmlega 38 mkr halla, þar af voru níu með halla uppá 4% frávik eða meira. 37 leikskólar eru með rekstrarafgang að fjárhæð 53 mkr samtals. Leikskólinn Lyngheimar er með mestan rekstrarhalla í prósentum, 6% og leikskólinn Garðaborg er með mestan rekstrarafgang í prósentum, 10%.

Sérstakt átak um eftirfylgni með mánaðaruppgjörum leikskóla sem tekið var upp í ársbyrjun 2010, tímabundið út það ár, hætti um áramót. Þar sem leikskólum með hallarekstur fjölgaði verulega við afnám þessarar eftirfylgni er verið að leita leiða til að taka eftirfygnina aftur upp á sviðinu. Vonast er til að unnt sé að taka upp fyrri verklag aftur í september.

Vakin er athygli á því að fjárhagsáætlun leikskóla borgarinnar var hækkuð í samræmi við bráðabirgðamat á kostnaðarauka vegna kjarasamninga, á móti var endurúthlutunarpotturinn lækkaður. Var þetta gert til að tryggja að uppgjör leikskólanna yrði sem réttast.

Nýting leikskólaplássna hefur verið mjög góð og er 9 börnum fleira í borgarreknum leikskólum að jafnaði fyrri hluta ársins en áætlað var. Þetta er einstaklega góð nýting en til samanburðar má nefna að nýting þótti góð á árinu 2010 en þá var að jafnaði 93 börnum færri í borgarreknum leikskólum en áætlað var.

Sjálfstætt starfandi leikskólar: Framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla voru 668 mkr sem var 38 mkr eða 5% innan fjárheimilda. Að meðaltali hefur verið greitt með 84 færri börnum hjá sjálfstætt starfandi leikskólum en áætlað var. Ekki hefur komið til hækkunar á rekstrarframlagi vegna kjarasamninga en hækkunin kemur til framkvæmda í ágúst mánuði.

Dagforeldrar og þjónustutrygging: Kostnaður vegna dagforeldra og þjónustutryggingar er 54 mkr undir fjárheimildum vegna þess að færri börn fengu þjónustu en áætlað var.

Ráð og yfirstjórn: Rekstur aðalskrifstofu Leikskólasviðs er 3,6 mkr yfir fjárheimildum.

Afkomuviðvörðun: Stjórnendur Leikskólasviðs vara við því að óbreyttu stefni í hallarekstur á sviðinu. Þar eru stærstu áhættuþættirnir kjarasamningsbundnar launahækkningar og afleidd hækkun rekstrarstyrkja (231 mkr fyrir utan hækkunar vegna samninga við leikskólakennara), hagræðingarkrafa sem ekki næst vegna þess að sameiningar leikskóla urðu minni og síðar en ráðgert við gerð fjárhagsáætlunar (65-70 mkr) og innri leiga vegna flutnings í Höfðatorg (14 mkr).


Stjórnendur vara við því að ekki hefur tekist að draga úr langtímaveikindum eins og stefnt hefur verið að síðastliðin tvö ár. Einnig er bent á að sérkennslukostnaður er umfram fjárhagsáætlun. Til viðbótar er ljóst að fæðiskostnaður er þegar tæplega 30 mkr umfram fjárheimildir og gera má ráð fyrir frekari framúrkeyrslu í þeim lið.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Borgarreknir leikskólar eru 120 mkr yfir fjárheimildum á tímabilinu, þar af eru 83 mkr vegna nýrra kjarasamninga, en mismuninn má að mestu rekja til breytinga á áætluðum hagræðingum.
- Sjálfstætt starfandi leikskólar eru 38 mkr innan fjárheimilda, en þá á eftir að reikna áhrif nýrra kjarasamninga í júní sem mun falla á sviðið skv. samningum.
- Húsaleigukostnaður einstakra sviða hefur hækkað vegna flutnings í Höfðatorg en með þessum breytingum var unnt að selja húsnæði, segja upp leiguhúsnæði gagnvart þriðja aðila og nýta betur það húsnæði sem fyrir var þannig að þegar á heildina er litið lækkar kostnaður A-hluta borgarsjóðs mikið bæði á árinu 2011 en einkum til lengri tíma litið.

2.2.3 Menningar- og ferðamálasvið

Eftirfarandi mynd lýsir niðurstöðu í rekstri Menningar- og ferðamálasviðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Rekstur MOF (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Tekjur	91	104	103	1	1,4%
Laun og launatengd gjöld	377	391	379	12	3,1%
Annar rekstarkostnaður	1.076	1.160	1.177	-17	-1,4%
Rekstrarniðurstaða	1.361	1.447	1.453	-7	-0,5%

Rekstrarniðurstaða Menningar- og ferðamálasviðs var 1.447 mkr og er það 7 mkr eða 0,5% innan fjárheimilda tímabilsins.

Tekjur:

Tekjur voru um 104 mkr, og eru um 1,4% yfir áætlun. Skýringarnar eru m.a. að Listasafnið hlaut Evrópustyrk sem ekki var hægt að gera ráð fyrir og vegur það á móti lægri tekjum en áætlað var á tímabilinu – s.s. hjá Höfuðborgarstofu. Menningarkort Reykjavíkur var tekið í notkun í febrúar og fór vel af stað auk þess sem hækkun á aðgangseyri hefur skilað sér á Listasafni og Landnámssýningu. Aftur verður farið í sérstakt kynningarátak til að markaðssetja Menningarkortið á haustdögum.

Launakostnaður:

Laun og launatengd gjöld voru 391 mkr eða 12 mkr yfir fjárheimildum, sem má rekja til kostnaðaráhrifa kjarasamninga sem tóku gildi þann 1. júní sl. en skv. bráðabirgðamati eru áhrifin í júní um 10,7 mkr. Um 1,3 mkr frávik er vegna átaksverkefna en uppgjör vegna þeirra fer fram síðar á árinu.

Annar rekstarkostnaður:

Annar rekstarkostnaður var 1.160 mkr, sem er 17 mkr eða 1,4% undir fjárheimildum. Helstu frávik eru vegna styrkja sem greiðast hægar út en rekstraráætlun gerir ráð fyrir. Þá er innri leiga um 1% hærri en áætlað var þar sem vísitala hefur hækkað töluvert umfram þær forsendur sem settar voru fram við gerð fjárhagsáætlunar.

Styrkir og samstarfssamningar: Kostnaður sviðsins nam 501 mkr, sem er 5,5 mkr eða 1% undir fjárheimildum. Styrkir vegna innri leigu eru hærri en áætlað var sem nemur um 2% annars vegar vegna hækkunar á innri leigu umfram áætlun og hins vegar vegna Gunnarshúss sem gert hafði verið ráð fyrir að færi úr innri leigu á vordögum. Útgreiddir styrkir sem ráðið úthlutar eru hins vegar tæpum 9 mkr undir rekstraráætlun þar sem þeir greiðast hægar út en áætlað hafði verið.

Borgarbókarsafn: Kostnaður vegna reksturs safnsins var 274 mkr, sem er 11 mkr eða 4% yfir fjárheimildum. Frávik má fyrst og fremst rekja til þess að meira hefur verið keypt af safnkosti á fyrri hluta ársins en áætlað var og þess að seinkun var á millifærslum á kostnaði yfir til Menntasviðs vegna reksturs Bókasafnskerfisins Gagnis fyrir annan ársfjórðung. Gert er ráð fyrir að rekstur Borgarbókarsafns verði innan fjárheimilda í lok árs. Á fyrstu 6 mánuðum ársins fækkaði gestum um 4% og er skýringa að hluta til að leita í því að opnunartími safnanna var skertur í upphafi árs auk þess sem Seljasafni var lokað. Útlán halda hins vegar áfram að aukast eins og undanfarin ár.

Listasafn Reykjavíkur: Kostnaður vegna reksturs Listasafnsins var 146 mkr sem er um 3 mkr eða tæpum 2% undir áætlun. Frávikin eru tilkomin vegna fyrrnefnds styrks sem Listasafn Reykjavíkur hefur fengið frá Evrópusambandinu. Markmið verkefnisins er að veita öllum greiðan vefaðgang að gagnagrunni safnsins og stuðla þannig að nýjum fræðsluáðferðum í skólum og fjarvinnslu fræðimanna. Verkefnið verður unnið í samstarfi við önnur söfn sem hluti af Evrópuverkefni DCA og mun birting gagnagrunnsins m.a. verða á vefgáttinni EUROPEANA. Tekjur og gjöld vegna þessa styrks voru ekki inn í áætlun Listasafnsins þar sem svar barst ekki fyrir en um áramót.

Í ársbyrjun 2011 var aftur tekin upp aðgangseyrir á Listasafni Reykjavíkur eftir 3ja ára gjaldfrjálsan aðgang. Gert hafði verið ráð fyrir að gestum fækkaði til muna við þá aðgerð og nemur fækkunin um 17% á fyrstu sex mánuðum ársins. Fækkunin er töluvert minni en ráð var fyrir gert og til samanburða má nefna að gestafjöldinn nú er um 65% meiri en fyrstu 6 mánuði ársins 2007, en það ár var síðast gjaldtaka á safninu.

Minjasafn Reykjavíkur: Kostnaður vegna reksturs Minjasafns Reykjavíkur var 91 mkr eða tæpum 2% undir áætlun. Frávikin eru fyrst og fremst tilkomin vegna þess að viðhaldsverkefnum á Árbæjarsafni seinkaði í vor vegna kuldatíðar og viðhaldsverkefnum á Landnámssýningunni verða jafnframt síðar en rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Gestum Minjasafns á fyrstu 6 mánuðunum fækkaði um 6% miðað við sama tímabil síðasta árs sem var metár í aðsókn.

Aðrir menningarstofnanir: Kostnaður vegna reksturs annarra menningarstofnana nam 86 mkr eða um 1,6% undir áætlun. Umfang rekstrar Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs var 36 mkr, Viðeyjar 30 mkr og Ljósmyndasafns um 19 mkr.

Höfuðborgarstofa: Kostnaður vegna Höfuðborgarstofu nam tæpum 68 mkr, sem er 4 mkr er 6% umfram áætlun tímabilsins. Frávikin er unnt að rekja til þess að framlög frá Ferðamálastofu vegna Upplýsingarmiðstöðvar ferðamanna og markaðsverkefna voru áætluð í júní en ekki bókuð fyrir en í júlí. Gestum Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna fjölgaði um 1% á fyrstu sex mánuðum ársins og notendum vefsvæðisins VisitReykjavík um 22%. Vinnu við nýja ferðamálastefnu var lokið á vordögum og stefnan samþykkt í borgarráði þann 28. apríl sl. og borgarstjórn 3. maí sl.

Framlög: Framlög Reykjavíkurborgar til Hörpu – Tónlistar- og ráðstefnuhússins hófust skv. samningi í mars sl. og voru um 144 mkr við 6 mánaða uppgjör eða 0,5% umfram áætlun. Frávikin má rekja til þess að samningurinn er bundinn við vísitölu neysluverðs, sem hefur hækkað umfram forsendur fjárhagsáætlunar. Þá nema framlög til Austurhafnar tæpum 15 mkr. og eru skv. áætlun. Framlög til Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru skv. lögum 18% af rekstarkostnaði hljómsveitarinnar. Fyrstu 6 mánuði ársins hafa framlögin verið tæpar 65 mkr. Uppgjör fer fram þegar ársreikningur liggur fyrir frá Fjársýslu ríkisins.


Annað: Aðrir liðir eru undir fjárheimildum á tímabilinu.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Almenn sýnir uppgjör fyrstu 6 mánaða ársins að rekstur Menningar- og ferðamálasviðs er í jafnvægi og í samræmi við áætlanir. Þó eru útgjöld vegna framlags til Hörpu umfram áætlun vegna vísitölubindingar.

2.2.4 Menntasvið

Eftirfarandi mynd lýsir niðurstöðu í rekstri Menntasviðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Rekstur MSR (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Tekjur	986	1.009	835	173	20,7%
Laun og launatengd gjöld	5.581	5.653	5.475	178	3,3%
Annar rekstrarkostnaður	3.969	4.119	3.774	346	9,2%
Rekstrarniðurstaða	8.563	8.764	8.413	351	4,2%

Rekstrarniðurstaða Menntasviðs var 8.764 mkr eða 351 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins eða 4,2%.

Tekjur:

Tekjur voru 1.009 mkr sem er um 173 mkr eða 21% umfram áætlun. Tekjufærsla vegna námsleyfisstyrkja kennara nam 66 mkr sem ekki var áætlað fyrir. Aðsókn var meiri að mötuneytum skólanna en áætlað og eru tekjur 34 mkr yfir. Greiðslur frá Jöfnunarsjóði eru 25 mkr hærra en áætlun gerði ráð fyrir vegna leiðréttinga sjóðsins á fyrri greiðslum. Tekjur Námsflokka Reykjavíkur voru um 7 mkr hærra vegna styrkja umfram áætlun.

Launakostnaður:

Laun og launatengd gjöld voru 5.653 mkr sem er um 178 mkr eða 3,3% umfram fjárheimildir. Þar af er beinn kostnaður vegna kjarasamninga skv. bráðabirgðamati 173 mkr.

Þegar kostnaðarauki vegna kjarasamninga er dreginn frá, tekið hefur verið tillit til þess að laun eru gjaldfærð á móti námsleyfisstyrkjum 66 mkr, gert hefur verið ráð fyrir tilfærslu kostnaðar m.v. áætlun milli launa og annars rekstrarkostnaði (aðkeypt ræsting og önnur sérfræðipjónusta) um 54 mkr og sérstakrar hagræðingakröfu sem skólarinn útfæra á laun uppá 60 mkr þá eru launin um 53 mkr umfram heimildir eða 0,97%. Þegar skoðaður er fjöldi stöðugilda nú og þau borin saman við stöðuna um áramótin þá hefur ársverkum fækkað um 111 eða um 4,9%.

Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður var 4.119 mkr sem er um 346 mkr eða rúm 9% yfir fjárheimildum. Þar af eru grunnskólar og tengdir liðir um 336 mkr yfir. Um 162 mkr af yfirkeyslunni má rekja til hagræðingaverkefna sem ekki er komin endanleg niðurstaða í þ.e. skil á húsnæði, hagræðing í mötuneytum (starfshópur í gangi), hagræðing vegna sameiningar á sérskólum og síðan hagræðing vegna endurskipulagningu á skólastarfi – sameining leik-, grunnskóla og frístundaheimila. Um 54 mkr skýrast af tilfærslu launaútgjalda yfir í annan rekstrarkostnað (t.d. aðkeypt ræsting eða aðkeypt sérfræðipjónusta) og 20 mkr vegna hærri innkaupa í mötuneyti en áætlað var fyrir (meiri aðsókn).

Borgarreknir grunnskólar: Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla og tengdra liða var 7.777 mkr eða 89% af heildarkostnaði sviðsins. Fjárheimildir voru 7.397 mkr og var kostnaður því 380 mkr umfram fjárheimildir eða 5% þar af er kostnaðarauki nýrra kjarasamninga metinn á um 157 mkr. Stærstu skólarinn eru Árbæjarskóli (324 mkr), Rimaskóli (313 mkr), Langholtsskóli og Hlíðaskóli (312 mkr hvor), Ölduselsskóli (293 mkr) og síðan koma Austurbæjarskóli, Hólabrekkuskóli, Seljaskóli með rekstrarkostnað á bilinu 266 – 269 mkr. Á tímabilinu eru 29 skólar af 37 yfir fjárheimildum en 8 undir fjárheimildum. Ef kostnaður vegna nýrra kjarasamninga er tekin til hliðar eru 22 af 37 skólum yfir fjárheimildum en 15 undir fjárheimildum. Miðað við þá forsendu fóru tólf grunnskólar samtals 87 mkr framúr fjárheimildum eða á bilinu 3-6%. Rekstur þeirra er í skoðun hjá yfirstjórn Menntasviðs, en þetta eru Seláskóli, Klébergsskóli, Fossvogsskóli, Korpuskóli,

Austurbæjarskóli, Álftamýrarskóli, Melaskóli, Hagaskóli, Breiðholtsskóli, Ölduselsskóli, Húsaskóli og Ingunnarskóli. Miðað við sömu forsendu var rekstur níu grunnskóla 2% eða meira innan fjárheimilda eða samtals 84 mkr, þ.e. Dalskóli, Sæmundarskóli, Norðlingaskóli, Ártúnsskóli, Laugarlækjarskóli, Laugarnesskóli, Fellaskóli, Breiðagerðisskóli og Víkurskóli. Aðrir grunnskólar eru með 0-2% frávik frá heimildum.

Einkareknir grunnskólar: Greiðslur til sjálfstætt starfandi grunnskóla námu 179 mkr og voru 2,3 mkr innan fjárheimilda vegna færri nemenda.

Langtímaforföll: Kostnaður vegna langtímaforfalla nam 87 mkr og var um 23 mkr umfram fjárheimildir á tímabilinu eða 36%.

Sérkennsla: Kostnaður vegna sérkennslu nam 394 mkr og var um 18 mkr umfram fjárheimildir eða 5% þar sem fjöldi þjónustuþega og þjónustuþyngd var meiri en gert var ráð fyrir.

Nýbúakennsla: Kostnaður vegna nýbúakennslu var um 7,7 m.kr undir fjárheimildum þar sem fjöldi þjónustuþega og þjónustuþyngd var minni en gert var ráð fyrir.

Sérskólar: Kostnaður vegna reksturs sérskóla var 435 mkr eða 9 mkr innan fjárheimilda. Launakostnaðurinn var um 98% af heimildum ársins en á móti var annar kostnaður um 2% meiri en áætlað var.

Tónlistarskólar og skólahljómsveitir: Kostnaður vegna reksturs tónlistarskóla og skólahljómsveita var 482 mkr eða 12 mkr yfir fjárheimildum. Kostnaður umfram heimildir er vegna kostnaðaráhrifa nýrra kjarasamninga og ekki var áætlað fyrir.


Afkomuviðvörðun: Stjórnendur sviðsins vekja athygli á að beinn launakostnaður vegna nýrra kjarasamninga er 448 mkr á árinu 2011. Því til viðbótar kemur kostnaður vegna einkarekinna tónlistaskóla. Þá er varað við því að hagræðingarkrafa vegna endurúthlutunar á haustönn 2011 að fjárhæð 324 mkr muni ekki ná að fullu fram að ganga. Þar er bent á 160 mkr kröfu vegna skila á húsnæði, 63 mkr vegna endurskipulagningar mótuneyta, 51 mkr vegna endurskipulagningar á skólastarfi, sameiningar leik-, grunnskóla og frístundaheimila og 50 mkr vegna sameiningar Öskjuhlíðar- og Safamýrarskóla. Stjórnendur vara einnig við væntanlegri fjölgun nemenda í einkareknum grunnskólum og að 24 mkr geti vantað upp á að núverandi fjárhagsáætlun gangi upp. Auk þess er bent á aukna þörf fyrir sérkennslu sem geti leitt til 67 mkr kostnaðar umfram fjárheimildir og viðhalds- og endurnýjunarþörf á tölvubúnaði í skólum.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstur grunnskóla er 223 mkr umfram fjárheimildir ef ekki er tekið tillit til áhrifa nýrra kjarasamninga. 22 af 37 skólum eru yfir fjárheimildum og þar af eru 12 skólar 3% eða meira yfir fjárheimildum. Mikilvægt er að ná tókum á hallarekstri þessara skóla. Menntasvið með það í skoðun með skólastjórnendum.
- Sérkennsla er 18 mkr eða 5% umfram fjárheimildir. Þá eru útgjöld vegna langtímaveikinda eru 23 mkr eða 36% umfram fjárheimildir og skv. stjórnendum gæti sá liður farið 40 mkr fram úr áætlun á árinu.
- Húsaleigukostnaður einstakra sviða hefur hækkað vegna flutnings í Höfðatorg en með þessum breytingum var unnt að segja upp húsnæði gagnvart þriðja aðila og nýta betur það húsnæði sem fyrir var þannig að þegar á heildina er litið lækkar kostnaður A-hluta borgarsjóðs mikið bæði á árinu 2011 en einkum til lengri tíma litið.

2.2.5 Skipulags- og byggingarsvið

Eftirfarandi mynd lýsir niðurstöðu í rekstri Skipulags- og byggingarsviðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Rekstur SKB (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Tekjur	33	31	11	20	171,4%
Laun og launatengd gjöld	163	161	163	-2	-1,2%
Annar rekstarkostnaður	96	87	104	-18	-16,9%
Rekstrarniðurstaða	226	216	255	-39	-15,4%

Rekstrarniðurstaða Skipulags- og byggingarsviðs fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2011 var 216 mkr sem er 39 mkr eða 15,4% innan fjárheimilda.

Tekjur:

Tekjur voru 31 mkr eða 20 mkr yfir áætlun. Það sem helst skýrir þennan mun er að fjögur nokkuð stór verkefni hafa farið af stað á árinu sem gefa tekjur frá 1,5 mkr til 3 mkr hvert. Tekjur af byggingarleyfisgjöldum eru um 10 mkr yfir áætlun, tekjur af úttektum eru um 7 mkr yfir áætlun og tekjur vegna vottorða og yfirferðar á raflagnateikningum eru um 2 mkr yfir áætlun.

Launakostnaður:

Laun og launatengd gjöld voru 161 mkr eða um 1,2% undir áætlun. Það sem helst skýrir þennan mun er að launakostnaður í skipulagsráði er undir áætlun og eins var reiknað með að nýr byggingarfulltrúi kæmi til starfa í byrjun maí en hann kemur til starfa í byrjun ágúst. Kostnaðarauki vegna kjarasamninga nam 3,6 mkr skv. bráðabirgðamati.

Annar rekstarkostnaður:

Annar rekstarkostnaður var 87 mkr sem er 17,6 eða um 17% undir áætlun. Munar þar mest um aðkeypta skipulagsvinnu sem greidd er eftir því sem verki miðar og eykst þegar á árið líður og er skrifstofa skipulagsfulltrúa 15 mkr undir áætlun. Embætti byggingarfulltrúa var um 1 mkr undir áætlun, húsverndarstyrkir voru 2,2 mkr undir áætlun, en skrifstofa Skipulags- og byggingarsviðs um 1 mkr yfir áætlun, sem skýrist af kostnaði við Erindreka vegna innleiðingar á rafrænu innheimtakerfi sem tekið var í notkun 1. maí sl.


Rekstur skipulagsseininga skiptist þannig: Rekstur skrifstofu var 107 mkr sem var 1,5 mkr eða 1,4% yfir áætlun, rekstur skipulagsfulltrúa var 57,7 m.kr. sem var 14,6 m.kr. eða 20% innan fjárheimilda, rekstur byggingarfulltrúa var 44,6 mkr sem var 22,6 mkr eða 34% innan heimilda, rekstur skipulagsráðs var 5,4 m.kr. sem var 1,3 mkr eða 19% innan fjárheimilda og húsverndunarstyrkir voru 1,2 mkr sem er 2,2 mkr eða 64% innan fjárheimilda.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Almennt sýnir uppgjör fyrstu 6 mánaða ársins að rekstur Skipulags- og byggingarsviðs er í jafnvægi og í samræmi við áætlanir.

2.2.6 Umhverfis- og samgöngusvið

Eftirfarandi mynd lýsir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og samgöngusviðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Rekstur USR (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Tekjur	409	515	594	-79	-13,3%
Laun og launatengd gjöld	542	559	489	70	14,4%
Annar rekstarkostnaður	2.214	2.411	2.131	280	13,2%
Rekstrarniðurstaða	2.347	2.456	2.026	430	21,2%

Rekstrarniðurstaða Umhverfis- og samgöngusviðs var 2.456 mkr eða 430 mkr umfram fjárheimildir.

Tekjur:

Tekjur voru 514,6 mkr sem er 78,9 mkr undir áætlun. Helstu fráviki eru í tekjum vegna sorphirðunnar sem er um 57 mkr undir áætlun. Skrefagjaldi, sem innheimta átti frá 1. apríl var frestað til 1. ágúst og enn á ný er tunnuföldi við álagningu sorphirðugjalds annar en grunnur borgarinnar við áætlunargerð. Brynt er að lesa betur saman breytingar á fasteignaskrá og tunnuskra og gera það oft en einu sinni á ári. Bent er sérstaklega á, að ljóst er, að tekjuáætlun ársins vegna sorphirðugjalda mun ekki standast. Heilbrigðiseftirlit er 6 mkr undir áætlun tímabilsins, sem stafar að mestu af veikindum tveggja heilbrigðisfulltrúa. Gert er þó ráð fyrir að tekjuáætlun ársins standist. Í garðyrkjudeild hefur verkefnum seinkað miðað við áætlun og eru tekjur um 7 mkr undir, en gert er ráð fyrir að tekjuáætlun ársins standist.

Launakostnaður:

Laun og tengd gjöld námu 559 mkr sem er 70,2 mkr eða um 14,4% yfir áætlun tímabilsins. Stærsti hlutinn er vegna sorphirðunnar eða 28 mkr. Kostnaðaráhrif kjarasamninga í júní vegna fastra starfsmanna eru 12,8 mkr skv. bráðabirgðamati og um 4,0 mkr vegna sumarstarfsmanna. Þá hafa verið í gangi átaksverkefni í samvinnu við Vinnumálastofnun, en kostnaður vegna þeirra er ekki gerður upp fyrr en síðar árinu. Stefnt er að því að hagræðingaraðgerðir í sorphirðu leiði til þess að launaáætlun ársins standist.

Annar rekstarkostnaður:

Annar rekstarkostnaður nam 2.411 mkr sem er 280,6 mkr umfram fjárheimildir. Stærsta frávikið er vegna leigu gatna og opinna svæða eða 280 mkr sem stafar að vísitölubreytingum sem áhrif hafa á leigufjárhæðina. Þá er annar rekstarkostnaður vegna sorphirðu yfir áætlun, einkum vegna greiðslu vaxta og afborgana vegna endurvinnslustöðva sem ekki var áætlað fyrir hjá sviðinu og nemur um 10 mkr á tímabilinu. „Mean While“ verkefni valda 6 mkr auknum rekstarkostnaði á samgönguskrifstofu, en kostnaður vegna þeirra fæst uppgerður í lok árs. Aðrir rekstrarliðir eru innan fjárheimilda.

Heilbrigðiseftirlit og vöktun: Rekstarkostnaður Heilbrigðiseftirlits að meðtöldu hundaeftirliti nam 83,8 mkr á tímabilinu. Tekjur voru 74,4 mkr þannig að rekstrarniðurstaða tímabilsins er 9,4 mkr, sem er 9,0 mkr umfram fjárheimildir. Launakostnaður er í samræmi við áætlun, þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa kjarasamning og endurgreiðslna frá Vinnumálastofnun. Annar rekstarkostnaður er í samræmi við fjárheimildir, en hundatryggingar komu til greiðslu fyrr en áætlað var, sem veldur 4,6 mkr kostnaði umfram fjárheimildir tímabilsins. Gert er ráð fyrir að rekstur heilbrigðiseftirlits verði í samræmi við áætlun ársins.

Náttúra og útivist: Rekstrarkostnaður Náttúru og útivistar er 356,1 mkr, en tekjur námu 11,6 mkr. Reksturinn í heild var 36,8 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins. Tekjur garðyrkjudeildar að fjárhæð 8,6 mkr eru ekki komnar fram vegna seinkunar verkefna. Áhrif kjarasamninga vegna fastra starfsmanna nema 5 mkr. Nokkur fjöldi átaksverkefna í samvinnu við Vinnuálastofnun eru enn í gangi og verða gerð upp síðar á árinu. Nokkur launakostnaður kemur fyrir fram á árinu en launaáætlun gerði ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að reksturinn verði í samræmi við áætlanir ársins.

Neysla og úrgangur: Rekstrarkostnaður Neyslu og úrgangs er í heild 524,3 mkr en tekjur námu 428,4 mkr. Rekstrarkostnaður var því 94,7 mkr umfram fjárheimildir, en áætlað hafði verið að tekjur myndu nánast standa undir útgjöldum. Þar af er kostnaður við sorphirðu 87 mkr yfir fjárheimildum, sem skýrist einkum af því að tekjur eru umtalsvert undir áætlun eða 57 mkr. Frávikið skýrist aðallega af misræmi milli áætlunargagna um tunnufjölda og niðurstöður álagningar, eða sem nemur 51 mkr. En auk þess var álagningu skrefagjalds frestað frá apríl til ágúst og verða tekjur ársins vegna þess lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir eða um 17 mkr í stað 23,5. Laun vegna sorphirðu eru 27,8 mkr hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir, sem stafar af hærri kaupaugagreiðslum en áætlanir gerðu ráð fyrir og því að afleysingastörf byrjuðu fyrir en áætlað var (samtals um 23 mkr) og nýjum kjarasamningum (4,9 mkr). Gert er ráð fyrir að tekjur ársins verði nokkuð undir áætlun, en að rekstrarkostnaður án áhrifa nýrra kjarasamninga verði samkvæmt áætlun, ef frá eru talin gjöld vegna greiðslu á afborgunum og vöxtum vegna endurvinnslustöðva sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun ársins.


Samgönguskrifstofa: Rekstrarkostnaður Samgönguskrifstofu er í heild 1.908 mkr og er það 301,2 mkr umfram fjárheimildir. Þar af stafa 280 mkr af hækkun leigu umfram áætlun tímabilsins vegna vísitöluhækkunar. Tekjur Samgönguskrifstofu voru áætlaðar 10 mkr á fyrri hluta ársins, en hafa ekki skilað sér vegna seinkunar verkefna. Áhrif nýrra kjarasamninga nema 0,5 mkr. Þá er rekstur gatna hjá Eignasjóði kominn 24,6 mkr fram úr áætlun tímabilsins, mest vegna aukinnar vetrarþjónustu og hreinsunar borgarlandsins. Sá halli verður hins vegar ekki gerður upp milli Eignasjóðs og Samgönguskrifstofu fyrir en í lok árs, þegar allur kostnaður verður ljós og séð verður hverju hagræðingaraðgerðir skila. Það er mat samgönguskrifstofu að áætlun ársins muni ekki standast.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Tekjur vegna sorphirðu eru 57 mkr undir áætlun, annars vegar vegna ofmats á tunnufjölda í áætlunargrunni og hins vegar vegna frestunar á innleiðingu skrefagjalds.
- Leiga gatna og samgöngumannvirkja er 280 mkr umfram áætlun vegna hærri verðbólgu en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Leigugreiðslur vegna samgöngumannvirkja milli Eignasjóðs og Aðalsjóðs hafa ekki áhrif á A-hluta.

2.2.7 Velferðarsvið

Eftirfarandi mynd lýsir niðurstöðu í rekstri á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Rekstur VEL (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Tekjur	1.736	3.167	3.285	-118	-3,6%
Laun og launatengd gjöld	2.676	4.005	3.985	20	0,5%
Annar rekstrarkostnaður	3.729	4.730	4.944	-214	-4,3%
Rekstrarniðurstaða	4.669	5.567	5.643	-76	-1,3%

Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs eftir fyrsta og annan ársfjórðung 2011 var 5.567 mkr sem er 76 mkr undir fjárheimildum eða 1,3%. Þar af var rekstrarkostnaður bundinna liða, þ.e. fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta 2.150 mkr sem er 55 mkr eða um 2% innan fjárheimilda. Reglubundinn rekstur sviðsins er því um 21 mkr innan fjárheimilda.

Tekjur:

Tekjur voru um 3.167 mkr sem er 118 mkr eða 4% lægra en áætlun gerir ráð fyrir. Skýrist það fyrst og fremst af lægri greiðslu frá Jöfnunarsjóði vegna málaefna fatlaðs fólks sem er um 123 mkr undir áætlun.

Launakostnaður:

Laun og launatengd gjöld voru 4.005 mkr sem er 20 mkr eða um 1% umfram fjárheimildir. Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk fóru hlutfallslega mest fram úr fjárheimildum eða 61 mkr eða 4% umfram fjárheimildir. Í heildina eru kostnaðaráhrif kjarasamninga tæplega 100 mkr í júní mánuði skv. bráðabirgðamati. Launakostnaður er undir fjárheimildum á skifstofum sviðsins, félagsmiðstöðvum, í heimaþjónustu og á hjúkrunarheimilum.

Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður var um 4.730 mkr sem er um 214 mkr eða 4% innan fjárheimilda (sjá nánar umfjöllun um þjónustupætti).

Fjárhagsaðstoð: Kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar var um 1.212 mkr sem er 58 mkr eða 4% innan fjárheimilda. Framfærslustyrkur var 45 mkr eða 5% innan fjárheimilda. Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru 16 mkr eða 8% umfram fjárheimildir. Skýrist það að mestu af því að framfærsla vegna náms var 39 mkr eða 36% umfram fjárheimildir en almennar heimildargreiðslur 20 mkr eða 23% innan fjárheimilda. Átaksverkefni voru 31 mkr eða 55% innan fjárheimilda. Aðstoð vegna barna á framfæri var 1,8 mkr umfram fjárheimildir eða 13%. Notendur fjárhagsaðstoðar utan átaksverkefna voru 504 eða 20% fleiri á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 borið saman við sama tímabil árið 2010. Notendum framfærslustyrks fjölgaði um 457 eða 22% og notendum heimildargreiðslna um 189 eða 19%.

Húsaleigubætur: Kostnaður vegna húsaleigubóta var 1.238 mkr. Mótframlag ríkisins nam 321 mkr á tímabilinu og eru nettó útgjöld því 938,5 mkr eða 4% innan fjárheimilda. Almennar húsaleigubætur voru 10 mkr innan fjárheimilda á árinu eða 2%. Sérstakar húsaleigubætur voru um 6 mkr eða 7% umfram fjárheimildir og sérstakar húsaleigubætur vegna félagslegar íbúða voru 7 mkr eða 3% umfram fjárheimildir. Notendum almennra húsaleigubóta fjölgaði um 4% eða 247 á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 borið saman við sama tímabil 2010.

Samningar, framlög og styrkir voru í heild 75,4 mkr eða 10% undir í tekjum. Tekjur voru 149 mkr eða 9% lægri en áætlun gerir ráð fyrir, þar af eru greiðslur úr Jöfnunarsjóði 123 mkr lægri en áætlað. Annar rekstrarkostnaður var 73 mkr eða 8% innan fjárheimilda. Laun og launatengd gjöld voru á pari.

Búsetuúrræði: Kostnaður vegna búsetuúrræða nam 1.563 mkr sem er 17 mkr eða 1% yfir heimildum. Undir þennan lið heyra m.a. búsetukjarnar og sambylí vegna fatlaðra, skammtímavistun og heimili fyrir heimilislausu. Launakostnaður er um 61 mkr yfir en annar rekstrarkostnaður er um 53 mkr undir áætlun. Beinar tekjur heimilanna, einkum húsaleiga, eru lítillega undir áætlun.

Málefni fatlaðs fólks: Sé rekstur vegna yfirtöku Reykjavíkurborgar á málefnum fatlaðs fólks skoðaður sérstaklega, þá eru kostnaður málaflökksins um 81 mkr yfir fjárheimildum á tímabilinu. Tekjur voru 145 mkr undir áætlun, þar af greiðslur frá Jöfnunarsjóði 123 mkr undir og greiðslur frá Seltjarnarnesi 14 mkr undir. Launakostnaður var um 20 mkr yfir fjárheimildum en annar rekstrarkostnaður um 84 mkr undir og munar þar mestu að samningur við Seltjarnarnes var ekki kominn til framkvæmda að fullu.

Heimaþjónusta: Kostnaður nam 550 mkr og var um 50 mkr eða 8% innan fjárheimilda. Tekjur voru um 23 mkr eða 4% hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Annar rekstrarkostnaður var um 3 mkr umfram fjárheimildir eða nánast á pari. Laun og launatengd gjöld voru 31 mkr eða 3% innan fjárheimilda þar sem ekki hefur verið ráðið í öll stöðugildi.

Hjúkrunarheimilin: Útgjöld umfram tekjur vegna hjúkrunarheimila voru 82,3 mkr á tímabilinu. Áætlun gerði ráð fyrir 111 mkr útgjöldum, sem þýðir um 29 mkr betri niðurstöðu en áætlað. Kostnaður vegna Droplaugarstaða var 45 mkr sem er 26 mkr betri niðurstaða en áætlað. Tekjur voru um 7 mkr hærri en áætlað vegna hærri daggjalda og húsnæðisgjalds en daggjöld hækkuðu skv. samþykkt fjárlaga 2011, annar rekstrarkostnaður var 10,7 mkr eða 8% innan fjárheimilda og launakostnaður 9 mkr eða 4% innan fjárheimilda. Kostnaður vegna Seljahlíðar var 37,4 mkr sem er 3 mkr betri niðurstaða en áætlað. Tekjur voru á pari. Annar rekstrarkostnaður er um 1,6 mkr eða 4% innan fjárheimilda og launakostnaður 1,8 mkr innan fjárheimilda.

Þjónustuíbúðir: Kostnaður nam 201 mkr og var 5,6 mkr eða 2% yfir fjárheimildum. Frávik er einkum að rekja til þjónustuíbúða við Dalbraut, þar sem tekjur eru undir og útgjöld yfir, en eftir er að bóka þjónustugjöld (tekjur) sem Félagsbústaðir innheimta.

Stuðningsfjölskyldur, stuðningsþjónusta og sumarúrræði: Kostnaður nam 213 mkr og var 10,5 mkr eða 5% umfram fjárheimildir. Stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra var um 3 mkr eða 9% umfram fjárheimildir, stuðningsþjónusta vegna fatlaðra var um 2,5 mkr eða 5% umfram fjárheimildir og almenn stuðningsþjónusta er um 16 mkr eða 16% umfram fjárheimildir. Aðrir liðir eru undir heimildum.

Barnavernd Reykjavíkur: Kostnaður nam um 360 mkr og var í heild 14,5 mkr eða 4% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist af greiðslum fósturlauna vegna barna í varanlegu fóstri og ungmenna á aldrinum 18-20 ára þar sem um fjölgun barna/ungmenna er að ræða. Einnig hefur lögfræðikostnaður og túlka- og þýðingarþjónusta aukist töluvert.


Skrifstofur, nefndir og ráð: Kostnaður nam 996 mkr, sem er 16 mkr eða 1,5% undir heimildum. Helsta skýringin felst í því að ekki hefur verið ráðið í öll stöðugildi í stoð- og sérfræðiþjónusta vegna málefna fatlaðs fólks vegna óvissu um fjármögnun málaflokksins.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Eftir fyrstu 6 mánuði ársins eru málefni fatlaðs fólks 81 mkr yfir fjárheimildum og þar af er launakostnaður 20 mkr yfir fjárheimildum. Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 123 mkr undir áætlun og með sambærilegri þróun á næstu mánuðum má ætla að tekjur frá Jöfnunarsjóði verði um 250 mkr undir áætlun ársins.
- Húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð eru innan fjárheimilda á fyrstu 6 mánuðum ársins.
- Vakin er athygli á hallarekstri hjúkrunarheimila sem nemur það sem af er þessu ári 82 mkr umfram greiðslur frá ríki (daggjöld).

2.2.8 Sameiginlegur kostnaður – skrifstofur í Ráðhúsi

Eftirfarandi mynd lýsir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum Ráðhúss á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Rekstur Skrifstofur RHS (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Tekjur	403	420	400	20	5,0%
Laun og launatengd gjöld	795	801	772	30	3,9%
Annar rekstarkostnaður	561	535	612	-76	-12,5%
Rekstrarniðurstaða	954	917	983	-66	-6,8%

Rekstrarniðurstaða á skrifstofum í Ráðhúsi var 917 mkr eða 66 mkr innan fjárheimilda tímabilsins.

Tekjur:

Tekjur voru 420 mkr, sem er 20 mkr eða 5% yfir áætlun. Meirihluti tekna eru gjaldskrártekjur UTM. Tekjur voru 2 mkr hærri hjá mannréttindaskrifstofu vegna styrkjar frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, 3,5 mkr hærri hjá UTM, 7 mkr hærri hjá skrifstofu vefþróunar vegna styrkja frá EGOV4U (Evrópusambandsstyrkur vegna minnihlutahópa), 2 mkr hærri hjá Borgarskjalasafni vegna styrkja og 6 mkr hærri hjá öðrum.

Launakostnaður:

Laun og launatengd gjöld voru um 801 mkr, sem er 30 mkr eða 4% yfir fjárheimildum. Þar af gerir bráðabirgðamat á kostnaðarhækkunum vegna kjarasamninga ráð fyrir um 19 mkr. Launakostnaður hjá þjónustuskrifstofu er 5 mkr umfram

áætlun vegna uppgjors á biðlaunum og atvinnuátaks, laun hjá UTM er 7 mkr umfram áætlun vegna aukins kostnaðar við yfirtöku á borgarinnar á málefnum fatlaðs fólks.

Annar rekstarkostnaður:

Annar rekstarkostnaður var 535 mkr, sem er 76 mkr eða 12% undir fjárheimildum. Annar kostnaður á Fjármálaskrifstofu er tæplega 24 mkr undir áætlun einkum vegna lægri húsnæðiskostnaðar og lægri útgjalda vegna kostnaðarhlutdeildar í sameiginlegum rekstri sem er millifærð kostnaðarhlutdeild Velferðasviðs vegna málefna fatlaðra. Mannréttindaskrifstofa er 9 mkr undir áætlun sem jafnar sig út þegar líður á árið. Mannauðsskrifstofa er 9 mkr undir áætlun vegna lægri starfsmannakostnaðar og lægri útgjalda vegna kostnaðarhlutdeildar í sameiginlegum rekstri sem er millifærð kostnaðarhlutdeild Velferðasviðs vegna málefna fatlaðra. Upplýsingatæknimiðstöð er 23 mkr undir áætlun sem jafnist út þegar líður á árið. Þjónustuskrifstofa er 9 mkr undir áætlun vegna lægri húsnæðiskostnaðar, lægri tölvu- og hugbúnaðarþjónustu og framlags vegna atvinnuátaks. Annar kostnaður hjá öðrum skrifstofum í Ráðhúsi er 2 mkr lægri sem skýrist aðallega af lægri starfsmannakostnaði, auglýsingum, sérfræðiaðstoð og fleira.

Borgarlögmaður: Kostnaður var 38 mkr. Það er 6% umfram fjárheimildir. Rekstur borgarlögmanns er 2 mkr. umfram áætlun vegna aðkeyptrar vinnu lögmanna.

Fjármálaskrifstofa: Kostnaður var 182 mkr eða 10% innan fjárheimilda.

Skrifstofa borgarhagfræðings: Kostnaður var 7 mkr. Það er 44% innan fjárheimilda. Borgarhagfræðingur er í leyfi.

Innkaupaskrifstofa: Kostnaður var 157 mkr. Það er 1% umfram fjárheimildir.

Mannréttindaskrifstofa: Kostnaður var 35 mkr sem er 13% innan fjárheimilda. Gert er ráð fyrir að kostnaður jafnist út þegar líður á árið.

Mannauðsskrifstofa: Kostnaður var 121 mkr sem er 7% innan fjárheimilda.

Skrifstofa borgarstjóra: Kostnaður var 68 mkr sem er 5% innan fjárheimilda.

Skrifstofa borgarstjórnar: Kostnaður var 124 mkr sem er 1% innan fjárheimilda.

Upplýsingatæknimiðstöð: Kostnaður var 324 mkr. Gjaldskrártekjur námu 350 mkr og niðurstaða jákvæð um 25,8 mkr, eða 17 mkr innan áætlunar. Tekjur á tímabilinu voru 3 mkr hærrí en áætlun. Gjöld voru 14 mkr undir, einkum vegna þess að kostnaðardreifing er ekki í samræmi við áætlun.

Þjónustuskrifstofa: Kostnaður var 181 mkr sem er 4% innan fjárheimilda.


Innri endurskoðun: Kostnaður var 30 mkr sem er 8% innan fjárheimilda.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Almenn sýnir uppgjör fyrstu 6 mánaða ársins að rekstur miðlægrar stjórnsýslu í Ráðhúsi er í jafnvægi og í samræmi við áætlanir.

2.2.9 Sameiginlegur kostnaður – Önnur útgjöld

Eftirfarandi mynd lýsir niðurstöðu á öðrum útgjöldum á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Önnur útgjöld (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Tekjur	57	56	0	56	18611,0%
Laun og launatengd gjöld	603	332	308	24	7,8%
Annar rekstrarkostnaður	872	582	974	-392	-40,3%
Rekstrarniðurstaða	1.417	858	1.282	-424	-33,1%

Rekstrarniðurstaða var 858 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 1.282 mkr. Það er rúmlega 424 mkr eða 22% undir áætlun tímabilsins.

Styrkir og ýmis framlög eru 52 mkr. lægri en áætlað vegna þess að útborgun er seinni en áætlað var. Sama má segja um liðinn **atvinnumál** sem er 134 mkr undir áætlun. **Rekstur miðlægra tölvukerfa** er 5 mkr undir áætlun. Liðurinn **slysabætur, launa- og starfsmannakostnaður** er 30 mkr lægri en áætlað en mun jafnast út á árinu. **Kosningaliðurinn** er jákvæður um 11 mkr vegna þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir á árinu. Kostnaður vegna **ytri endurskoðenda** er 28 mkr lægri en áætlað er, einkum vegna þess að kostnaður hefur ekki fallið til enn vegna úttekta á stjórnkerfi og stjórnslu Reykjavíkurborgar, 20 mkr. Kostnaður á liðnum **ófyrriséð** er 113 mkr lægri en áætlað. Þá hafa 30 mkr greiðslur ekki fallið til vegna **Nýsköpunarsjóðs námsmanna** á tímabilinu. Annað sameiginlegt er um 20 mkr undir áætlun.


Breyting lífeyrisskuldbindingar: Gjaldfært hefur verið í samræmi við áætlun. Niðurstöður um gjaldfærslu munu ekki liggja fyrir en við ársuppgjör.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rétt er að vekja athygli á að áætlun um gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindingar nemur aðeins 600 mkr en reikna má með mun hærri gjaldfærslu vegna áhrifa nýgerðra kjarasamninga.

2.2.10 Framlög til B-hluta fyrirtækja

Eftirfarandi mynd lýsir framlögum til B-hluta fyrirtækja á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa hlutfalli raunkostnaðar af fjárheimildum skv. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Framlög til B-hluta ft. (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Strætó	861	752	784	-32	-4,1%
Slökkvilið höfuðborgarsvæðis	314	295	295	-0	0,0%
Rekstrarniðurstaða	1.175	1.047	1.079	-32	-3,0%


Framlög til B-hluta fyrirtækja námu 1.047 mkr og 32 mkr undir áætlun tímabilsins.

Strætó: Framlag til Strætó var 752 mkr eða 32 mkr undir áætlun. Reglubundið framlag er 16 mkr yfir fjárhagsáætlun. Framlag til nemaverkefnis er hins vegar 48 mkr undir áætlun sem skýrist af annarri dreifingu en áætlað var.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins: Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 314 mkr eða á pari við áætlun.

2.3 Eignasjóður

Eftirfarandi mynd lýsir niðurstöðu hjá Eignasjóði (Framkvæmda- og eignasviði) á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósenthlutföll lýsa hlutfalli raunkostnaðar af fjárheimildum skv. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.



Rekstur Eignasjóðs (mkr.)	Raun 2010	Raun 2011	Esk. áætlun 2011	Frávik	%
Tekjur	7.408	8.075	7.856	218	2,8%
Laun og launatengd gjöld	595	559	584	-25	-4,3%
Annar rekstrarkostnaður	4.144	4.257	4.295	-38	-0,9%
Fjármagnsliðir	-3.313	-4.515	-1.946	-2.569	132,0%
Rekstrarniðurstaða	-643	-1.256	1.032	-2.288	221,7%

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var neikvæð um 1.256 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 1.032 mkr jákvæðri afkomu. Frávik frá áætlun er því 2.288 mkr. Frávikid felst í hærri fjármagnskostnaði en áætlun gerði ráð fyrir eða sem nemur 2.569 mkr og því er rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnskostnað 281 mkr betri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

Tekjur:

Tekjur sviðsins voru 8.075 mkr, sem er 218 mkr hærri en áætlun eða um 2,8%. Leigutekjur húsa og gatna voru 319 mkr yfir áætlun vegna verðbótaþáttar leigu og tekjur vegna leiguskuldbindinga eru 75 mkr hærri af sömu ástæðu. Aðrar tekjur voru um 176 mkr undir áætlun sem skýrist einkum af 50 mkr gjaldfærslu vegna skila á lóðum í stað 50 mkr áætlaðra tekna af sölu byggingaréttar. Þá hefur Vegagerðin sagt upp þjónustusamningi um rekstur og viðhald þjóðvega frá 1. apríl sl. og er tekjulækkun vegna þess 80 mkr, en útgjöld lækka á móti.

Laun og launatengd gjöld:

Launakostnaður var 559 mkr eða 25 mkr innan fjárheimilda, einkum vegna starfa sem ekki hefur verið ráðið í. Bráðabirgðamat á kostnaðaráhrifum kjarasamninga vegna júní mánaðar nam um 14 mkr.

Annar rekstrarkostnaður og afskriftir:

Annar rekstrarkostnaður ásamt afskriftum var 4.256 mkr eða 38 mkr undir fjárheimildum. Þar af voru afskriftir 1.589 mkr eða 13 mkr undir áætlun. Annar rekstrarkostnaður án afskrifta var 2.668 mkr eða 25 mkr undir fjárheimildum. Rekstur og viðhald gatna er um 80 mkr yfir áætlun á tímabilinu einkum vegna vetrarþjónustu 50 mkr, á móti kemur lækkun á kostnaði upp á 45 mkr vegna uppsagnar Vegagerðarinnar á þjónustusamningi. Kostnaður vegna viðhalds fasteigna er um 18 mkr umfram áætlun á tímabilinu. Þá er kostnaður vegna leiguskuldbindinga 102 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Fasteignagjöld eru um 22 mkr hærri en áætlun gerir ráð fyrir.

Viðhald fasteigna:

Nettó viðhaldskostnaður fasteigna nam 286 mkr, sem er 18 mkr yfir áætlun eða 7%. Viðhaldskostnaður vegna grunnskóla nam 107 mkr, leikskóla 62 mkr, íþróttahúsa og sundlauga 57 mkr og menningarmála 22 mkr.

Rekstur eigna:

Tekjur af leigu fasteigna námu 4.861 mkr sem er 41 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 1%. Kostnaður við rekstur fasteigna nam 2.367 mkr. Rekstur skólmannvirkja nam um 1.045 mkr, íþróttahúsa og sundlauga 381 mkr, leikskóla 241 mkr, menningarstofnana 169 mkr og borgarskrifstofa 169 mkr.

Framleigugæignir:

Tekjur framleigugæigna námu 678 mkr á móti 487 mkr gjöldum, eða 191 mkr tekjur umfram gjöld. Áætlun gerði ráð fyrir 17 mkr tekjum umfram gjöld, útkoman er því 174 mkr umfram áætlun. Tekjur eru 82 mkr umfram áætlun sem skýrist að mestu af hærri verðbólgu en gert var ráð fyrir. Gjöld eru 92 mkr undir áætlun, þar af eru afskriftir ofáætlaðar um 21 mkr.

Leiga gatnakerfis:

Tekjur vegna leigu á gatnakerfi námu 860 mkr sem er 278 mkr yfir áætlun eða 48%. Munurinn er eingöngu tilkominn vegna verðbólgaþáttar á leigu gatna. Beinn kostnaður, einkum afskriftir, nam um 240 mkr.

Rekstur og viðhald gatna:

Tekjur vegna reksturs og viðhalds gatna og opinna svæða námu 564 mkr, þar af 80 mkr vegna þjónustusamnings við Vegagerðina. Kostnaður nam 936 mkr og þegar tekið hefur verið tillit til uppsagnar á þjónustusamningi við Vegagerðina er kostnaðurinn 80 mkr yfir áætlun eða 11%. Kostnaður við snjómokstur nam 277 mkr sem er 22% umfram áætlun. Kostnaður við hreinsun borgarlandsins er 194 mkr (3% yfir), umferðamerki og umferðaljós 66 mkr (45% yfir) og viðhald gatna 48 mkr (54% undir). Kostnaður við gatnalýsingu nam 151 mkr (6% yfir).

Áhöld, tæki og stofnbúnaður:

Tekjur vegna áhaldna tækja og stofnbúnaðar nam 152 mkr og kostnaður einkum afskriftir 132 mkr.

Lóðir, lönd og sala byggingarréttar:

Kostnaður nam 128 mkr. Þar af nam gjaldfærð endurgreiðsla vegna skila á lóðum 50 mkr.

Fjárfestingar:

Kostnaður við fjárfestingar nam 1.986 mkr án þess að tekið sé tillit til tekna frá Jörundi ehf og gatnagerðargjalda. Það er 31% af endurskoðaðri framkvæmdaáætlun ársins sem samþykkt var í borgarráði 30.júní sl. Ef miðað er við fyrstu sex mánuði ársins er framkvæmdir samkvæmt áætlun.

Fjárfestingar (mkr.)	Áætlun 2011	Staða 30.06.11	Áætl. útk. 2011
Fasteignir og stofnbúnaður	3.065	1.110	3.065
Samgöngumannvirki	1.450	385	1.450
Annað	1.985	491	1.985
Rekstrarniðurstaða	6.500	1.986	6.500

Byggingaframkvæmdir: Kostnaður við byggingaframkvæmdir nam 1.110 mkr sem er um 36% af áætlun ársins. Helstu framkvæmdir voru við Borgarleikhús (21 mkr), Norðlingaskóla (412 mkr), Sæmundarskóla (374 mkr), Klettaskóla (18 mkr), uppbyggingu framhaldsskóla (108 mkr), íþróttasvæði Fjölnis Dalhúsum (30 mkr), íþróttasvæði Leiknis við Austurberg (41 mkr), nýjar leikskóladeildir (7 mkr), endurgerð leikskólalóða (6 mkr), Seljahlíð (18 mkr) og menningar og þjónustumiðstöð við Spöng (7 mkr).

Gatnaframkvæmdir: Kostnaður við gatnaframkvæmdir nam 385 mkr sem er um 27 % af áætlun ársins. Tekjur af gatnagerðargjöldum námu 257 mkr eða 197 mkr umfram áætlun. Helstu framkvæmdir voru við Úlfarsárdal (10 mkr), Nauthólsveg (103 mkr), umferðarljós miðlæg stýring (13 mkr), göngustíga, hjólastíga og gönguleiðir (14 mkr), framkvæmdir við Hörpu (154 mkr), Lækjargötu, Lækjatorg (20 mkr) og malbiksyfirlög (9 mkr).

Skipulagseignir: Kostnaður nam 365 mkr sem er um 59% af áætlun ársins. Helstu framkvæmdir eru við Laugarveg 4-6 (51 mkr) og uppbyggingu á Lækjargötu 2 og Austurstræti 22 (314 mkr) unnið fyrir Jörund ehf.

Aðrar fjárfestingar: Kostnaður vegna annarra fjárfestinga nam 125 mkr sem er um 9 % af áætlun ársins. Þar af (20 mkr) í hugbúnað, Borgartún 12-14 (26 mkr), (13 mkr) í endurbætur og meiriháttar viðhald fasteigna og vegna átaksverkefna (67 mkr).

Fjármögnun framkvæmda

Samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 6.300 mkr. Á tímabilinu janúar til júní er búið að bjóða út skuldabréf fyrir 2.440 mkr að nafnvirði. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir tekjum vegna gatnagerðargjalda að fjárhæð samtals 200 mkr sem yrði notað til framkvæmda. Tekjur fyrstu sex mánuði ársins af gatnagerðargjöldum eru 257 mkr.

Langtímaskuldir

Í lok júní var heildarstaða langtímaskulda 81.119 mkr miðað við 76.121 mkr í árslok 2010 eða aukning um 4.998 mkr frá árslokum 2010. Aukningin skýrist með lántökum umfram afborganir 2.040 mkr, gengismun 126 mkr og hækkun verðbóta 2.832 mkr. Af langtímaskuldum Eignasjóðs er staða lána gagnvart þriðja aðila að meðtöldum leiguskuldum 21.117 mkr, þar af erlend lán 3.111 mkr.

Eigið fé

Eigið fé lækkar úr 19.190 mkr í ársbyrjun í 17.934 mkr í lok tímabilsins. Þessi lækking skýrist af rekstrarniðurstöðu tímabilsins.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsgjöld í Eignasjóði voru 4.515 mkr á móti áætlun 1.946 mkr eða 2.569 mkr yfir áætlun. Skýringin á þessu mikla fráviki er að verðbólga á tímabilinu var mun hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs er mun lakari en áætlað var og má rekja það til hárrar verðbólgu. Áhrif hárrar verðbólgu eru þau að Eignasjóður þarf að verðbæta mánaðarlega greiðslur til Aðalsjóðs vegna skulda, sem nema hærri upphæð heldur en þær verðbættu tekjur sem Eignasjóður fær frá Aðalsjóði vegna innri leigu. Lakari niðurstaða fjármagnsliðs Eignasjóðs birtist að hluta til í betri niðurstöðu fjármagnsliða Aðalsjóðs. Aukin verðbólga hækkar einnig fjármagnskostnað vegna skuldabréfa borgarinnar á markaði.
- Fjárfestingar Eignasjóðs nema aðeins um 2 milljörðum kr. en í áætlun ársins er gert ráð fyrir fjárfestingum fyrir um 6,5 milljarða. Af þessum sökum hefur verið hægt á lántökum á fyrri hluta ársins. En staða handbærs fjár var 10,4 milljarðar í lok júní mánaðar.
- Áhætta vegna lána Eignasjóðs, sem eru bæði í innlendum og erlendum gjaldmiðlum, tengist vöxtum, gengi og verðbólgu. Langtímaskuldir með afborgun næsta árs 81.119 mkr eru að mestu við Aðalsjóð eða 46.922 mkr, en 13.081mkr vegna leiguskuldbindinga, 21.117 mkr við aðra aðila þar af 3.111 mkr við erlenda lánveitendur.

3. B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.

Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

3.1 Bílastæðasjóður

Á fyrstu 6 mánuðum ársins 2011 var rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs jákvæð um 83 mkr en hún var neikvæð um 33 mkr í 6 mánaðauppgjöri árið 2010. Skýringin er mun hærri tekjur en gert var ráð fyrir ásamt lægri kostnaði.

Rekstrartekjur námu 349 mkr í 6 mánaða uppgjöri og hækkuðu frá fyrra ári um 100 mkr. m.v. sama tíma árið 2010. Gert var ráð fyrir 30 mkr. hækkun tekna í fjárhagsáætlun en hækkunin varð meiri en áætlað var. Eru nokkrar skýringar á þessum árangri, má þar nefna aukna innkomu í gjaldmæla í kjölfar hækunar stöðvunarbrotagjalda sem átti sér stað um mitt síðasta ár, nýr búnaður var tekinn í notkun í byrjun árs 2010 og starfsmenn að læra á hann. Þá flutti Bílastæðasjóður í miðborgina í lok árs 2010 og jókst þá eftirlit til muna bæði við gjaldmæla svo og stöðubrot víðsvegar um borgina sem skilar sér í auknum tekjum. Þá hafa tekjur aukist í bílahúsum og bílastæðagjöld húsbýggjenda voru 4,8 mkr.

Rekstrargjöld voru 266 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 267 mkr. Kostnaður við rekstur bílahúsa var hærri en gert var ráð fyrir sem kemur til vegna málunar og uppsetningu nýrra skilta í húsunum sem var liður í bættri ímynd bílahúsa á síðasta ári. Annar kostnaður var ívið lægri en gert var ráð fyrir og hefur innheimtukostnaður dregist saman í kjölfar breytinga á innheimtu og innleiðingu nýs innheimtukerfis.

Heildareignir námu 1.747 mkr og hækkuðu aðallega vegna kaupa á Vonarstræti 4. Fastafjármunir námu 1.620 mkr og jukust um 250 mkr frá áramótum. Veltufjármunir námu 127 mkr og hækkuðu um 63 mkr frá áramótum.

Heildarskuldir námu 490 mkr og hækkuðu um 231 mkr. Af þeim er langtímaskuld 192 mkr vegna kaupa á Vonarstræti 4 sem verður greidd upp á 5 árum. Aðrar kuldir skiptast í lífeyrisskuldbindingar 223 mkr og skammtímaskuldir 75 mkr. Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags nema 852 mkr vegna byggingar bílakjallara í Hörpu.

Eigið fé Bílastæðasjóðs nemur 1.257 mkr.

Fjármögnunarhreyfingar voru 175 mkr fyrstu 6 mánuði ársins sem er heldur yfir áætlun og skýrist m.a. á eignakaupum og breytingum á stöðu Bílastæðasjóðs við Aðalsjóð.

Á fyrstu 6 mánuðum ársins hefur rekstur Bílastæðasjóðs gengið mjög vel, tekjur hafa aukist verulega eftir að sjóðurinn fluttist í miðborgina aftur. Mun meiri ró er orðin yfir starfseminni, dregið hefur úr kvörtunum viðskiptavina og skýring þess m.a. að nú birtast stöðvunarbrotagjöldin í heimabanka viðkomandi. Þá eru teknar ljósmyndir af flestum brotum og því erfiðara fyrir viðskiptavinum að standa fast á því að ekki var lagt ólöglega. Lokið var við að mála bílahúsin að innan með glaðlegum litum ásamt því að setja upp ný og betri leiðbeiningaskilti í húsunum og á sama tíma hefur skammtímagestum fjölgað í bílahúsum.

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Skíðasvæðanna á fyrstu sex mánuðum árunna 2007-2011:

Kennitölur Bílastæðasjóðs 1. janúar – 30. júní	2007	2008	2009	2010	2011
Eiginfjárlutfall	74%	78%	80%	81%	72%
Arðsemi eigin fjár	8,69%	3,88%	1,71%	-2,96%	6,6%
Veltufjárlutfall	2,62	5,31	8,23	1,94	1,68
Skuldsetningarhlutfall	4,42%	2,77%	0,00%	0,00%	15,3%

Taflan dregur vel fram fjárhagslegan styrk Bílastæðasjóðs sem birtist í háu eiginfjárlutfalli, veltufjárlutfalli og stuttum uppgreiðslutíma skulda.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Mikilvægt er að skilgreina eigendastefnu gagnvart fyrirtækinu og stjórnskipulag.
- Rekstrarniðurstaða, efnahagur og sjóðsstreymi gefa ekki tilefni til að meta sérstaklega áhættu gagnvart A-hluta borgarsjóðs.

3.2 Faxaflóahafnir

Rekstrartap fyrstu 6 mánuði ársins nam 108 mkr en til samanburðar var rekstrarhagnaður 270 mkr fyrir árið 2010.

Rekstrartap tímabilsins var meira en áætlað var eða sem nemur 29 mkr.

Flestir tekjuliðir Faxaflóahafna sf. eru nokkuð yfir áætlun það sem af er en í greinargerð með fjárhagsáætlun var athygli vakin á óvissu varðandi þróun vörugjalda. Heildartekjur eru alls. 1.055 mkr., sem er um 46,2% af áætluðum heildartekjum ársins. Þróun inn- og útflutnings hefur þó verið nokkurn veginn í samræmi við spár, en hafa ber í huga að tekjur vegna vöruflytninga í júnímánuði bókfærast ekki fyrr en mánuði seinna. Því má áætla að um 40.0 mkr. tekjur af vörugjöldum tilheyri í raun uppgjörstímabilinu þó svo að þær bókfærast síðar. Þá er þróun aflagjalda á fyrri hluta ársins hagstæðari en áætlað var.

Rekstrargjöld eru almennt í samræmi við áætlun og nema 1.076 mkr. sem er um 53% af áætluðum heildar rekstrarkostnaði ársins. Skýrist það hlutfall m.a. af því að sérverkefni í viðhaldi, fasteignagjöld og fleira falla til á fyrri hluta ársins. Launakostnaður er í samræmi við áætlun.

Samkvæmt ofangreindu eru rekstrarafkoma uppgjörstímabilsins í meginatriðum í samræmi við fjárhagsáætlun.

Hærrí verðbólga og lakari þróun gengis en spáð var leiðir til þess að bókfærðar verðbætur og gengismunur er mun hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Skeikar þar í heild tæpum 50.0 mkr. og skýrist lakari niðurstöðutala rekstrarreiknings í meginatriðum af þeirri ástæðu.

Heildareignir námu 12.593 mkr sem er lítilsháttar lækkun frá fyrra ári, eða um 43 mkr. Þar af námu fastafjármunir 11.625 og veltufjármunir 968 mkr. Heildarskuldir voru 2.227 mkr og hækkuðu um 11,9% frá fyrra ári. Engar lántökur voru á árinu 2011. Eigið fé nam 12.367 mkr í lok júní 2011 og lækkaði um tæplega 2,7%.

Fjárfestingahreyfingar voru í heildina 242 mkr en árið 2010 námu þær 683 mkr. Fjárfestingar námu um 285 mkr. en voru á árinu 2010 alls 948,0 mkr.

Fjárfestingar á hafnasvæðum fyrirtækisins voru með eftirfarandi hætti:

	mkr.	%
Gamla höfnin	95,5	33,5%
Sundahöfn	52,6	18,5%
Grundartangi	122,5	43,0%
Akranes	14,5	5,0%
Alls	285,1	100%

Greiddur var arður til eigenda á árinu 2011 alls 173 mkr. Afborganir lána voru 3,5 mkr.

Handbært fé frá rekstri í lok júní 2011 nam 532 mkr og hækkaði um 113 mkr frá áramótum.

Niðurstaða tekna og rekstrar fyrstu sex mánaða ársins er almennt viðunandi miðað við fjárhagsáætlun ársins, en fjármagnsliðir umfram áætlun. Þróun verðlags, gengis og vörugjalda á seinni hluta ársins eru þau atriði sem hafa munu áhrif á endanlega niðurstöðu reikningsins.

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Faxaflóahafna á fyrstu sex mánuðum árána 2007-2011:

Kennitölur Faxaflóahafna	2007	2008	2009	2010	2011
Eiginfjárlutfall	81,4%	83,4%	82,1%	81,9%	82,3%
Arðsemi eigin fjár	1,7%	0,6%	-1,1%	0,00%	-1,0%
Veltufjárlutfall	1,58	1,99	0,57	1,24	1,70
Skuldsetningarhlutfall	14,8%	12,4%	16,4%	15,9%	15,3%
Uppgreiðslutími langtímaskulda (ár)	5	2	3	2	3

Taflan dregur vel fram fjárhagslegan styrk Faxaflóahafna sem birtist í háu eiginfjárlutfalli, veltufjárlutfalli og stuttum uppgreiðslutíma lána.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Almennt sýnir uppgjör fyrstu 6 mánaða ársins að rekstur Faxaflóahafna er í jafnvægi og í samræmi við áætlanir.
- Helstu áhættuþættir felast sem fyrr í ytra efnahagsumhverfi fyrirtækisins einkum er varðar þróun innflutnings og útflutnings.
- Rekstarniðurstaða, efnahagur og sjóðsstreymi gefa ekki tilefni til að meta sérstaklega áhættu gagnvart A-hluta borgarsjóðs.

3.3 Félagsbústaðir

Ársreikningur Félagsbústaða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Samkvæmt 39. gr. Laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins. Í kjölfarið eru fjárfestingaeignir Félagsbústaða metnar til gangvirðis. Í uppgjöri til Reykjavíkurborgar eru gangvirðisbreytingar bakfærðar og eignirnar afskrifaðar.

Samkvæmt uppgjörsaðferð Reykjavíkurborgar var hagnaður Félagsbústaða á tímabilinu fyrir fjármagnskostnað 418 mkr miðað við 352 mkr hagnað 2010. Tap á rekstri Félagsbústaða eftir fjármagnsliði nam 832 mkr miðað við 595 mkr tap 2010.

Gangvirðisuppgjör:

Rekstrarhagnaður Félagsbústaða hf. fyrir fjármagnskostnað og matsbreytingu eigna nam 575 mkr fyrstu 6 mánuði 2011 miðað við 558 mkr yfir sama tímabil árið á undan. Fjármagnskostnaður hækkaði um 32% og nam 1.250 mkr miðað við 947 mkr árið á undan. Reiknuð hækkun matsverðs fjárfestingaeigna nam 2.516 mkr að teknu tilliti til 670 mkr niðurfærslu vegna endurbóta eigna sem ekki hafa til þessa leitt til hækkunar á fasteignamati þeirra. Hagnaður fyrstu 6 mánuði ársins 2011 nam því 1.833 mkr miðað við 1.171 mkr tap yfir sama tímabil árið á undan.

Rekstrartekjur Félagsbústaða fyrstu 6 mánuði 2011 námu 1.252 mkr, sem er 6% aukning frá sama tímabili árið á undan sem skýrist annars vegar af verðlagshækkun leigu og hins vegar af hækkun annars rekstrarkostnaðar sem innheimtur er með leigunni, s.s. hita, rafmagn, hússjóð, sem hækkaði umfram almennt verðlag.

Rekstrargjöld Félagsbústaða á tímabilinu að frátöldum fjármagnskostnaði nam 677 mkr, sem er 8% hækkun frá fyrra ári aðallega vegna viðhaldskostnaðar sem hækkaði um 11% og 17% hækkunar annars rekstrarkostnaðar sem innheimtur er með leigunni. Framlag til afskrifta leiguskulda á tímabilinu nam 47 mkr og er svipað milli ára og skýrist að verulegu leyti af hækkun á greiðslubyrði leigunnar vegna lækkandi stuðnings í formi húsaleigubóta sem hafa lækkað sem hlutfall af leigu úr 54% í 44% á undanförunum 3 árum, eða frá því hætt var að niðurgreiða leiguna og sérstakar húsaleigubætur teknar upp hjá leigjendum Félagsbústaða á miðju ári 2008.

Heildareignir Félagsbústaða í lok júní 2011 námu 34 milljörðum kr. og hækkuðu um 2.8 milljarða.kr., eða um tæp 9% frá ársbyrjun, aðallega vegna hækkunar á matsverði leiguíbúða félagsins samkvæmt fasteignamati sem er gangverð reiknað til staðgreiðslu í febrúar ár hvert verðþróun íbúðarhúsnæðis til loka tímabilsins.

Heildarskuldir Félagsbústaða í lok júní 2011 námu 26,4 milljörðum jukust um 923 mkr, eða 3,6%, en þar af nam verðlagshækkun lána 798 mkr.

Eigið fé Félagsbústaða nam 7,6 milljörðum kr. í júnílok og hækkaði um 1.9 milljarð.kr. frá ársbyrjun eða um 3,3%. Eiginfjárlutfall félagsins hækkaði úr 18,4% í ársbyrjun í 22,4% í lok júní.

Fjárfestingahreyfingar á tímabilinu námu 281 mkr miðað við 283 mkr yfir sama tímabil 2010 en keyptar voru 4 eignir fyrir um 70 mkr og 8 seldar fyrir um 132 mkr. Þá standa yfir endurbætur á Meistaravöllum 19-29 og Aðallands 8 en ráðgert er að þeim ljúki á árinu.

Fjármögnunarhreyfingar námu 292 mkr miðað við 240 mkr í fyrra. Tekin voru langtímalán að fjárhæð 391 mkr og greiddar 245 mkr í afborganir. Skammtímafjármögnun jókst um 137 mkr sem verður mætt með stofnlánum frá Íbúðalánasjóði vegna endurbóta á Meistaravöllum og Aðallandi.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 18 mkr í júnílok, en var jákvætt um 44 mkr á sama tíma í fyrra. Greiðslustaða félagsins er jafnan þröng á þessum tímamótum vegna 245 mkr greiðslu af láni borgarsjóðs sem veitt var til 30 ára við stofnun Félagsbústaða 1997 með gjalddaga 16. júní ár hvert.

Annað: Rekstur Félagsbústaða er í góðu samræmi við fjárhagsáætlun 2011 ef undan eru skilin áhrif er rekja má til hækkunar verðlags og fasteignaverðs umfram áætlun.

Fyrir liggur áætlun um kaup og endurbætur á um 20 sambýlum af ríkinu í tengslum við flutning á húsnæðisúrræðum fatlaðra til sveitarfélaganna og standa yfir viðræður við Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um þau kaup.

Aukin þensla er á leigumarkaði samfara auknum umsvifum á fasteignamarkaði frá áramótum sem dregið hefur úr framboði íbúða á leigumarkaði ásamt aukinni eftirspurn einkum eftir minni íbúðum sem lítið hefur verið byggt af á síðasta áratug.

Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegum styrk Félagsbústaða m.v. mismunandi uppgjörsaðferðir pr.30.06 :

Félagsbústaðir – uppgjörsaðferð RVK	2007	2008	2009	2010	2011
Eiginfjárlutfall	7,7%	-3,7%	-17%	-25%	-27,5%
Veltufjárlutfall	0,10	0,20	0,30	0,13	0,21
Uppgreiðslutími langtímaskulda	50	45	60	58	74

Félagsbústaðir - gangsvirðisuppgjör	2007	2008	2009	2010	2011
Eiginfjárlutfall	47,5%	38,3%	29,3%	20%	22,4%
Veltufjárlutfall	0,10	0,20	0,30	0,13	0,21
Skuldsetningarhlutfall	96,5%	150,4%	232,8%	371,0%	335,1%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	52	48	67	74	102

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarhagnaður og rekstrartap síðastliðinna ára samkvæmt gangvirðisuppgjöri er misvísandi fyrir rekstrarafkomu Félagsbústaða. Færa má rök fyrir að ef fjárfestingaeignir félagsins eru seldar þá er söluverð í samræmi við gangvirði eigna skv. gangvirðisuppgjöri. Hins vegar eru Félagsbústaðir ekki fjárfestingafélag með að markmiði að hámarka hagnað með kaupum og sölu eigna heldur að þjónusta Reykvíkinga með leiguíbúðum. Þegar öllu er á botninn hvolft þurfa rekstrartekjur Félagsbústaða einfaldlega að nægja til að standa undir rekstrargjöldum og fjármagnsliðum til að standast grundvöll reikningsskila um áframhaldandi rekstur (e. going concern). Óháð því hvaða uppgjörsaðferðum er beitt og óháð því hvort litið er á hálfársuppgjör eða ársuppgjör frá árinu 2007 þá hefur rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði ekki staðið undir vaxtagjöldum og verðbótum innlendra lána. Þetta misræmi gengur ekki upp til lengri tíma litið án fækkunar fjárfestingaeigna, eiginfjárinnsþýtingar, hækkunar leigu og/eða samdrætti rekstrarútgjalda.
- Í ljósi ofangreindrar ábendingar er mikilvægt að veita aukningu viðhaldskostnaðar um 11% á milli ára athygli.
- Samkvæmt gangvirðisuppgjöri Félagsbústaða er árlegt endurmat á eignum í samræmi við breytingar á markaðsvirði fjölbýlishúsa samkvæmt matsaðferðum hjá Þjóðskrá Íslands. Á hinn bóginn hreyfast skuldir með verðbólgu. Efnahagssamdráttur samhliða verðbólgu hefur verið einkenni íslenska hagkerfisins á undanförunum misserum. Í kjölfarið hafa fjárfestingaeignir félagsins lækkað um 3.967 mkr á árunum 2008-2010. Áhrif aðstæðna á gangvirðisuppgjör Félagsbústaða hefur verið rýrnun eigna og aukning skulda í efnahag með tilheyrandi rýrnun eiginfjár eins og þróun eiginfjárlutfalls í kennitölum hér að ofan bera með sér. Það sem af er ári hefur nú loks orðið viðsnúningur í verðþróun íbúðarhúsnæðis á höfuðborgasvæðinu og hefur það leitt til ríflega 8% hækkunar á fjárfestingaeignum félagsins frá áramótum en mikil óvissa er um hver þróun íbúðarverðs verður á næstu misserum.

3.4 Malbikunarstöðin Höfði

Rekstrartap fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2011 nam rúmlega 40 mkr en til samanburðar var rekstrartap um 10 mkr fyrir sama tímabil árið 2010. Fyrirtækið starfar á samkeppnismarkaði og á grundvelli þess eru ekki birtar nú fremur en áður upplýsingar um rekstrartekjur og rekstrargjöld.

Heildareignir þann 30. júní 2011 námu 1.212 mkr. Þar af nema fastafjármunir 510 mkr og veltufjármunir 702 mkr. Birgðir eru 352 mkr og hafa þær hækkað um 193 mkr frá áramótum. Viðskiptakröfur nema 337 mkr og hafa hækkað um 168 mkr frá áramótum en hins vegar hafa aðrar skammtímakröfur lækkað um 50 mkr. Heildarskuldir þann 30. júní 2011 var 291 mkr og hækkuðu þær um 149 mkr frá áramótum. Eigið fé nam 873 mkr og hefur lækkað um 61 mkr frá áramótum.

Fjárfestingahreyfingar fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2011 námu 2 mkr. Engin ný langtímalán voru tekin á tímabilinu. Greiddur arður á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 nam rúmum 19 mkr en fyrir árið 2010 nam arðgreiðslan tæpum 58 mkr. Handbært fé var um 1,5 mkr en fyrir sama tímabil 2010 nam handbært fé tæpri milljón kr.

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Malbikunarstöðvarinnar Höfða á fyrstu sex mánuðum árána 2007-2011:

Malbikunarstöðin Höfði	2007	2008	2009	2010	2011
Eiginfjárlutfall	65,9%	64,2%	75%	69,7%	72,1%
Arðsemi eigin fjár	10,7%	5,9%	2,8%	-1,2%	-4,7%
Veltufjárlutfall	2,11	2,01	3,08	2,41	2,41
Skuldsetningarhlutfall	14,2%	11,4%	7,7%	4,3%	0
Uppgreiðslutími langtímaskulda (ár)	1	1	1	1	0

Kennitölur fyrirtækisins lýsa miklum fjárhagslegum styrk.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Samkvæmt upplýsingum frá stjórendum er verkefnastaða fyrirtækisins ágæt fram í september en þegar kemur fram í október má reikna með að verkefnum fækki verulega. Engu að síður er gert ráð fyrir að áætlanir um framleiðslumagn og rekstrarafkomu 2011 standist, eða þar um bil.

3.5 Orkuveita Reykjavíkur

Rekstur Orkuveitu Reykjavíkur janúar til júní 2011 skilaði 3.822 mkr tapi samanborið við 5.118 mkr hagnað á sama tímabili árið 2010.

Rekstrartekjur tímabilsins námu 16.676 mkr en voru 13.561 mkr á sama tímabili 2010 og er aukning um 23,0%. Tekjur skiptast á þrjá starfsþætti: Virkjanir og sölu, Veitur, og Aðra starfsemi, en jafnframt er fyrirtækinu skipt upp eftir miðlum sem eru: Rafmagn, Heitt vatn, Kalt vatn, Fráveita og Gagnaveita. Tekjur vegna raforkusölu til stóriðju og smásölu, og tekna vegna Gagnaveitu teljast til samkeppnisreksturs, og nema um 37,0% af heildartekjum samstæðunnar. Í skýringu nr 3 með árshlutareikningi OR er sýnt nákvæmt starfsþáttayfirlit sem gefur glögga mynd af tekjumyndun milli starfsþátta og frá þriðja aðila. Hagnaður fyrirtækisins fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir, EBITDA, var 10.512 mkr samanborið við 7.056 mkr árið áður. EBITDA er því 49,0% hærri en á sama tímabili 2010.

Rekstrargjöld tímabilsins námu 10.300 mkr að meðtöldum afskriftum, en voru 10.407 mkr á sama tímabili 2010.

Rekstrarhagnaður (EBIT) tímabilsins nam 6.376 mkr, en var 3.154 mkr á sama tímabili 2010.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 11.154 mkr á tímabilinu, en voru jákvæðir um 2.913 mkr á sama tímabili 2010.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar var neikvæð um 3.822 mkr samanborið við hagnað á sama tímabili 2010 að fjárhæð 5.118 mkr. Viðsnúningur í afkomu tímabilsins er því neikvæður um 8.940 mkr og er aðallega vegna viðsnúnings í fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum, en á móti kemur að almennur rekstur samstæðunnar er að skila mun betri niðurstöðu en á sama tímabili 2010.

Heildareignir í lok júní voru 293.092 mkr en voru 286.540 mkr í lok árs 2010.

Eigið fé í lok júní var 49.485 mkr en var 52.847 mkr í lok árs 2010.

Heildarskuldir fyrirtækisins í lok júní voru 243.607 mkr en voru 233.694 mkr í lok árs 2010.

Handbært fé frá rekstri nam 8,9 milljörðum króna á tímabilinu og jókst um 30% frá sama tímabili 2010.

Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins nettó voru útstreymi að fjárhæð 5.305 mkr, en útstreymi á sama tímabili 2010 var 9.190 mkr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum vegur þyngst og nam 5,3 milljörðum króna á tímabilinu.

Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins nettó voru útstreymi að fjárhæð 2.256 mkr en var innstreymi að fjárhæð 560 mkr á sama tímabili árið áður.

Upphafleg fjárhagsáætlun ársins 2011 var samþykkt í október 2010, þar sem gert var ráð fyrir auknum hagræðingaraðgerðum til viðbótar við þær umfangsmiklu breytingar sem gerðar voru á árunum 2008-2010, auk gjaldskrárhækkana. Í mars 2011 var áætlunin endurskoðuð í kjölfar þess að áætlanir um erlenda fjármögnun gengu ekki eftir. Niðurstaða tímabilsins janúar-júní 2011 er í nokkuð góðu samræmi við þessa endurskoðun áætlunarinnar, en helstu frávik frá áætlun eru vegna áhrifa gengis og vaxtaþróunar.

Mikilvægur hluti endurskoðaðrar áætlunar fyrir tímabilið 2011-2016 er umfangsmikil **aðgerðaráætlun**, sem stjórn OR og sveitarfélögin sem eiga fyrirtækið, þ.e. Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð, samþykktu. Þessari aðgerðaráætlun er ætlað að skjóta tryggari stöðum undir rekstur og starfsemi fyrirtækisins til loka ársins 2016 og að tryggja að OR geti staðið við allars skuldbindingar sínar með sem minnstum áhrifum á þjónustu fyrirtækisins.

Fjárförð OR fyrir endurskoðun fjárhagsáætlunar sem samþykkt var af stjórn þann 23.mars 2011, var áætluð 50 milljarðar króna á árunum 2011-2016 og var það bil brúað með því að fresta nýfjárfestingum og viðhaldsverkefnum í veitukerfum, draga enn frekar úr rekstrarkostnaði, selja eignir sem tilheyra ekki kjarnastarfseminni, hækka fráveitugjald og gjald fyrir heitt vatn, og fá víkjandi lán frá eigendum sínum, alls 12 milljarða króna. Lánin eru til 15 ára og afborganalaus fyrstu 5 árin. Lánalínur OR (núverandi heimild upp á 8,4 milljarða króna) verða einungis nýttar til að mæta markaðsáhættu og annars konar áhættu í rekstri á tímabili áætlunarinnar. Hér er einkum vísað til þess ef lausafjárförð OR eykst vegna óhagstæðra breytinga á gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum, innbyrðis hreyfinga erlendra gjaldmiðla, álverðs, vaxta eða verðbólgu.

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árin 2007-2011. Útreikningur byggir á hálfársuppgjörom og eru gerðar víðeigandi leiðréttingar til að endurspeglar kennitölurnar yfir á ársgrundvöll:

OR	2007	2008	2009	2010	2011
Eiginfjárlutfall	51,6%	32,9%	14,1%	16,2%	16,9%
Arðsemi eigin fjár ⁵	25,2%	-33,6%	-39,2%	27,1%	-13,9%
Veltufjárlutfall	0,42	1,50	0,67	0,26	0,50
Skuldsetningarhlutfall	73,3%	188,5%	553,5%	469,3%	438,6%
Vaxtaþekja, EBIT/netto gr.vextir	2,17	1,36	0,31	2,62	3,96
Vaxtaþekja, EBITDA/netto gr.vextir	4,57	3,15	1,79	5,87	6,53
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto gr.vextir)	1,4	0,21	0,14	0,38	0,72
Skuldaþekja, EBITDA/(gr. afb.+netto gr.vextir)	2,93	0,49	0,8	0,85	1,18
Uppgreiðslutími	7	18,3	32,1	18	13,2

Þær aðgerðir sem gripið var til á tímabilinu 2008-2010 til lækkunar rekstrargjalda og frestunar fjárfestingaframkvæmda, koma skýrt fram í hagstæðari lykiltölum árunum 2010 og 2011. Með aðgerðaráætluninni sem samþykkt var í mars 2011 er gert ráð fyrir að þessar lykiltölur styrkist enn frekar á síðari hluta ársins 2011 og tímabilinu 2012-2016. Þar á meðal er gert ráð fyrir að eiginfjárlutfall fari úr 18,4% í árslok 2010 í 20,5% í árslok 2011 og verði komið í 37,4% í árslok 2016. Þá er gert ráð fyrir að skuldsetningarhlutfall lækki úr 469% í árslok 2010 í 358% í árslok 2011, og verði komið í 150% í árslok 2016. Fyrirtækið hefur tryggt sér lánsfé hjá eigendum og hefur aðgang að lánalínum á innlendum markaði og er því ekki gert ráð fyrir frekari fjármögnunarförð á næstu árum.

Uppgreiðslutími langtímalána sem er reiknaður sem hlutfall af veltufé frá rekstri á móti langtímaskuldum sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum. Um leið og nýjar fjárfestingar fara að skila tekjum, svo sem 5. áfangi Helligheidarvirkjunar á árinu 2012 og veltufé frá rekstri eykst vegna áhrifa aðgerðaráætlunarinnar, styttest uppgreiðslutíminn.

OR flokkar fjárhagslega áhættu í *markaðsáhættu*, *lausafjáráhættu* og *lánsáhættu*.

Markaðsáhætta: Markaðsáhætta skiptist í *gjaldleyrisáhættu*, vegna skulda í efnahagsreikningi og sjóðstreymis í erlendri mynt, *vaxtaáhættu* vegna lána og *álverðsáhættu* vegna innbyggðra raforkusölusamninga sem eru tengdir heimsmarkaðsverði á áli.

Markaðsáhætta vegna gjaldleyris: Styrking íslensku krónunnar um 10% myndi hækka eigið fé og afkomu eins árs um 10,7 milljarða króna og veiking um 10% hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt að því gefnu að aðrar forsendur séu stöðugar. Samsvarandi fjárhæð í árslok 2010 var 10,8 milljarðar króna.

Markaðsáhætta vegna vaxtastigs: 100 punkta hækkun vaxtastigs myndi leiða til lækkunar afkomu til eins árs um 1,2 milljarð króna og 100 punkta lækkun myndi leiða til gagnstæðra áhrifa gefið að aðrar forsendur séu stöðugar. Þessi áhrif námu 1,3 milljörðum króna í árslok 2010.

Markaðsáhætta vegna álverðs: Tekjur samstæðunnar af raforkusölusamningum sem eru tengdir álverði námu 18,8% af heildartekjum tímabilsins. Samsvarandi tekjur námu 20,4% árið 2010. Hækkun álverðs um 10% myndi leiða til lækkunar afkomu eins árs um 6,6 milljarða króna og lækkun um 10% myndi nánast leiða til gagnstæðra áhrifa gefið að aðrar forsendur haldist stöðugar. Samsvarandi áhætta í árslok 2010 nam um 6,8 milljörðum króna.

Lausafjáráhætta

Til viðbótar við handbært fé samstæðunnar að fjárhæð 3,7 milljarða króna í lok júní voru til staðar ónýttar lánalínur að fjárhæð 8,4 milljarðar króna. Samkvæmt aðgerðaáætlun OR og eigenda frá 29.03.2011 fær OR lán frá eigendum sínum, alls 12 milljarða króna, sem þeir greiða í samræmi við eignarhluti sína í fyrirtækinu. Lán að upphæð 8 milljarðar króna var veitt í apríl á þessu ári og 4 milljarðar króna verða veittir árið 2013. Aðgerðaáætlunin og lánafyrirheiti eiga að tryggja fjármögnun OR til loka árs 2016.

⁵ Eigið fé er skilgreint hér sem meðaleiginfjárstaða milli ára.

Lánsáhætta

Lánsáhætta OR er einkum hættan á því að viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi geti ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Viðskiptakröfur OR samanstanda að verulegu leiti af miklum fjölda lágra krafna auk nokkurra stórra krafna gagnvart opinberum aðilum og kaupendum á raforku til stóriðju. Þrátt fyrir að innheimta vegna smásölu hafi þýngst á síðustu árum er þessi áhætta lítil og hefur ekki mikil áhrif á reksturinn. Gjaldfallnar kröfur voru 15,5% af viðskiptakröfum í lok tímabilsins, en voru 26,7% í árslok 2010.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Samanburður milli ára á rekstrarniðurstöðu fyrstu sex mánaða bera með sér skýr umskipti í rekstri með tæp 50% EBITDA aukningu og ríflega tvöföldunarflegra á EBIT hagnaði. Að því sögðu er rúmlega 3,8 makr tap á rekstri OR sem má rekja til veikingar krónunnar frá áramótum þrátt fyrir ríflega 2,4 makr hækkun á bókfærðu virði innbyggðra álafleiða yfir sama tímabil.
- Á vettvangi eigenda fer fram undirbúningur að því að setja fyrirtækinu eigendastefnu, sem væntanlega mun taka til afgjalds, áhættustefnu, áhættustýringar, fjármögnunar og fleiri atriða.
- Lánaskilmálar vegna eigendalána fela í sér að OR er skuldbundin til að fylgja árlegum hagræðingaaðgerðum á útgjaldahliðinni sem fólgnar eru í 5 ára áætlun sem samþykkt var í stjórn OR 23. mars 2011. Á tekjuhliðinni fela lánaskilmálar í sér að OR skuldbindur sig til að breyta gjaldskrárni að því marki að tryggja 5% lágmarksarðsemi heildareigna á tímabilinu. Ennfremur ber OR að upplýsa lánveitendur eigi sjaldnar en ársfjórðungslega um stöðu rekstrarútgjalda og um stöðu handbærs fjár.
- Athygli vekur að við rýningu á greiningu og lánshæfismati Reitunar á OR seinnihluta 2010 og í kjölfar aðgerðaáætlunar sem kynnt var í apríl síðastliðnum þá er einkunnin óbreytt og einungis veitt með tilliti til bakábyrgðar Reykjavíkurborgar. Það er mat Fjármálaskrifstofu að lánshæfismati með fyrrgreindum forsendum veiti afar takmarkaðar upplýsingar um stöðu og þróun OR til lengri tíma og það orkar tvímælis að Reitun skoði ekki sérstaklega “stand alone rating” í lánshæfismati á OR í ljósi þess að Reitun metur ekki lánshæfi eigenda.
- Ef forsendur OR standast út áætlunartímabilið þá benda áætlunir til að OR muni ná vaxtaþekju vel innan viðmiða Moody's á fjárfestingaflokki strax árið 2011 ásamt öllum helstu skuldaþekjuviðmiðum á árunum 2013-2014.
- Í fimm ára áætlun OR er gert ráð fyrir að meðalvextir fyrirtækisins þrefaldist á tímabilinu 2011-2016 í samræmi við væntingar erlendra markaða um vaxtahækkunir og með auknu vægi verðtryggðra innlendra lána. Meðalvextir voru um 1,8% 2010 og hafa vextir af gengisbundnum lánnum hækkað miðað við hálfársuppgjör 2011. Áætlunir OR gera ráð fyrir hækkingu vöxtum sem ná hámarki í um 6% í lok árs 2016. Í rekstrarreikningi 2010 eru vaxtagjöld um 22% af 18 ma kr útgjöldum fyrirtækisins að afskriftum frátöldum. Í ljósi þess hve vaxtagjöld eru nú þegar hátt hlutfall af rekstrarútgjöldum vegna mikillar skuldsetningar OR ásamt væntingum um hækkingu vaxtastig þá eru áform um stórfelldar endurgreiðslur lána á næstu árum, án teljandi endurfjármögnunar að eigendalánum frátöldum, afar mikilvæg til að styrkja rekstrargrundvöll til lengri tíma lítið.
- Að öðru óbreyttu gerir fimm ára aðgerðaráætlun ráð fyrir mun metnaðarfullri endurgreiðslur á nettó vaxtaberandi skuldum til loka árs 2016 eða um 55 makr umfram fimm ára áætlun sem var samþykkt í október 2010. Ennfremur, ef lítið er á kennitöluna nettó vaxtaberandi skuldir á móti EBITDA þá gerir aðgerðaáætlun ráð fyrir að hún lækki úr tæplega 16 makr 2010 niður í 4 makr í árslok 2016. Þannig er gert ráð fyrir að sjóðstreymi úr rekstri fyrir fjármagnsliði og afskriftir geti greitt nettóvaxtaberandi skuldir 2016 á um 4 árum á móti ríflega 15 árum miðað við ársuppgjör 2010.
- Reykjavíkurborg ber einfalda og hlutfallslega ábyrgð á lánnum OR og fær greitt fyrir ábyrgðargjald sem er fast hlutfall af höfuðstól lána og er reiknað í samræmi við lög um ríkisábyrgðir. Á árinu 2009 var fenginn óhlutdrægur fagaðili í kjölfar úrskurðar ESA til að meta hvað ábyrgðargjald þyrfti að vera hátt til að endurspeglja það hagræði sem OR nýtur af bakábyrgð eigenda. Niðurstaðan var 48 bp. Nú stendur yfir athugun ESA á því hvort umsamið viðbótarálag sé rétt og í samræmi við reglur EES.
- Í kjölfar aðgerðaáætlunar OR og eigenda óskaði ESA eftir ítarupplýsingum um aðgerðir, lánveitingu eigenda og markaðsaðstæður viðeigandi aðila á lánamörkuðum með að leiðarljósi að úrskurða um hvort lánveitingar eigenda til OR væru leyfilegar eður ei frá samkeppnisáhrifum.
- Helstu áhættur fyrirtækisins felast í fjármögnunaráhættu, markaðsáhættu (markaðsbreyturnar gengi, vextir, (verðlag) og álverð), gjaldfellingaráhættu, upplýsingaáhættu, mótaðilaáhættu tengda orkusölu til stóriðju, rekstraráhættu og ríkisáhættu. Ennfremur er umtalsverð áhætta vegna skuldbindinga sbr. skýringum 8, 10 og 16.
- Líklegt má telja að færa þurfi eignir OR niður um fjárfestingar sem bókfærðar eru vegna Bitrivirkjunar í ljósi friðlýsingar á svæðinu samanber drögum frá umhverfisráðuneyti. Þessi fjárfesting stendur í 785 mkr.
- Bent er á minnisblað áhættustýringarhóps nr. 6 varðandi tillögur og áhættur tengdar aðgerðaáætlun OR, öðrum áhættum tengdum rekstrarumhverfi OR og áhættur tengdar A-hluta borgarsjóðs.

3.6 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Árshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2011 inniheldur samstæðu SHS (móðurfélag), SHS fasteignir ehf og Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins

Rekstrarniðurstaða SHS samstæðunnar fyrir tímabilið var jákvæð um 157 mkr. og var einnig jákvæð fyrir sama tímabil árið 2010 um 173,4 mkr. Helsta skýring á afkomubreytingu milli ára eru lægri vaxtatekjur SHS heldur en árið 2010.

Rekstrartekjur námu 811 mkr. sem er 1% hærri en fyrir sama tímabil árið 2010. Framlag eigenda nam 500 mkr. sem er lækkun um 27 mkr. milli ára eða 5,1%. Þá greiddi ríkissjóður 245 mkr. vegna sjúkraflutninga sem er hækkun um 52 mkr., Flugstoðir 0 mkr sem er lækkun um 21 mkr. og aðrar tekjur voru 23 mkr. sem er hækkun um 3,6 mkr. Ástæðan fyrir hækkun tekna vegna sjúkraflutninga er sú að nýr samningur var gerður í upphafi árs 2010 en sú hækkun kom ekki til framkvæmda fyrr en á seinni hluta ársins 2010. Lækkun tekna frá Flugstoðum er vegna þess að samningi milli SHS og Flugstoða um rekstur slökkviliðs á Reykjavíkurlflugvelli var sagt upp af hálfu Flugstoða frá og með 1. mars 2010.

Rekstrargjöld námu 645 mkr. sem var um 1,4% lækkun milli tímabila. Launakostnaður lækkaði um 1% á milli ára og fer úr 520 mkr. í 515 mkr. Megin ástæðan fyrir lægri gjöldum er fækkun starfsmanna og aðhald í rekstri.

Heildareignir námu 2.112 mkr. og þar af námu fastafjármunir 1.534 mkr. og veltufjármunir 492 mkr. Heildarskuldir voru 1.525 mkr. og hafa lækkað um 7,2% eða 119 mkr. miðað við sama tímabil í fyrra.

Eigið fé nam 587 mkr. og hefur hækkað um 170% miðað við sama tímabil í fyrra. Ástæðuna má rekja til góðs hagnaðar af rekstri samstæðunnar og síðan var tekjuskattsinneign SHS fasteigna upp á 105 mkr. eignfærð en í fyrra þótt ekki rétt að eignfæra hana þar sem óvíst var að hægt yrði að nota hana. Megin hluti hagnaðar SHS fasteigna er komin til vegna gengishagnaðar af láni hjá Íslandsbanka sem var breytt úr erlendri mynt í íslenskar krónur gegn lækkun höfuðstöls.

Fjárfestingahreyfingar á tímabilinu námu 16 mkr. sem er svipað og á sama tímabili í fyrra.

SHS fasteignir

Undir SHS heyrir dótturfélagið SHS fasteignir, sem á og rekur þau mannvirki sem hýsa starfseminna.

Rekstrarhagnaður SHS fasteigna fyrir tímabilið var 75 mkr. en var 93 mkr. á sama tímabili í fyrra.

Rekstrartekjur félagsins voru 91 mkr. og rekstrargjöld 27 mkr. Fjármagnsliður hjá SHS fasteignum er jákvæður um 47 mkr.

Heildareignir námu 1.422 mkr. 30. júní 2011 og hafa þær hækkað um 4,3% á einu ári. Heildarskuldir eru 1.371 mkr. og hafa lækkað um 12,6% á einu ári.

Fjárfestingahreyfingar námu 3 mkr. en voru engar á sama tíma í fyrra.

Í byrjun ársins var lokið við að skuldbreyta hluta af lánum félagsins úr erlendum myntum í krónur hjá Íslandsbanka. Breytingin fólst í því að höfuðstóllinn lækkar um 112 mkr. og lánstíminn er lengdur upp í 30 ár. Með þessum aðgerðum minnkar gengisáhættan verulega og ekki þarf að endurfjármagna lán félagsins fyrr en árið 2022.

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur SHS fasteigna fyrir árin 2007-2011:

SHS fasteignir	2007	2008	2009	2010	2011
Eiginfjárhlutfall	36,0%	18,7%	-16,5%	-13,4%	4,9%
Veltufjárhlutfall	0,07	0,02	0,04	0,08	0,17
Uppgreiðslutími langtímaskulda	52	N/A	33	16	15

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur SHS samstæðunnar fyrir árin 2007-2011:

SHS - samstæða	2007	2008	2009	2010	2011
Eiginfjárhlutfall	53,9%	41,2%	16,8%	17,7%	27,8%
Veltufjárhlutfall	1,56	2,16	1,74	1,76	1,74
Skuldsetningarhlutfall	72,5%	119,6%	420,8%	395,5%	211,8%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	2	5	7	5	4

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Eigið fé SHS Fasteigna er að nýju orðið jákvætt en er í raun afar lágt og mikilvægt að skjóta styrkari stoðum undir fyrirtækið. Eigið fé félagsins var neikvætt um 185 mkr þann 30. júní 2010. Með skuldbreytingum lána hefur verið dregið úr gengisáhættu og endurfjármögnunaráhættu til 2022. Veltufjármunir nema þó aðeins 17% af skammtímaskuldum sem er afar lágt hlutfall. Ástæða er til að skoða hvort hagkvæmt sé að sameina SHS Fasteignir móðurfyrirtækinu.
- Bent er á að lán SHS fasteigna ehf. eru í nafni Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. og ekki hefur verið gengið frá framvísun lánanna til SHS fasteigna ehf. með formlegum hætti. Lánin eru þannig með beinum hætti á ábyrgð eigenda.
- Helstu áhættur í rekstri SHS eru gengi gjaldmiðla, vaxandi endurnýjunarþörf á tækjum og staða samninga við ríkið um sjúkraflutninga. SHS hefur gert samning við Heilbrigðisráðuneytið um sjúkraflutninga sem gilda fram á næsta ár og voru þeir hækkaðir um 105 mkr frá seinasta ári.
- Helstu áhættur í rekstri SHS eru vaxandi þjónustualag vegna þjóðfélagsástands og hækkandi aldurs íbúa á höfuðborgarsvæðinu, frestanir á fjárfestingum í búnaði, nýjar fjárfestingar í slökkvistöð í Mosfellsbæ og lántökur þeim tengdar.
- Mikilvægt er að eigendur setji eigendastefnu fyrir byggðasamlögin, þar sem m.a. er fjallað um hvenær skuli leita umboðs eigenda um mikilvægar fjárhagslegar ákvarðanir.

3.7 Sorpa

Rekstrarniðurstaða fyrstu sex mánuði ársins 2011 var jákvæð um 7 mkr en var jákvæð um 15 mkr á sama tíma árið 2010.

Rekstrartekjur fyrir tímabilið voru 930 mkr og hafa hækkað um tæpar 21 mkr frá sama tíma og í fyrra eða um 2,2%. Tekjur fyrstu sex mánuði eru 1,4% umfram áætlun.

Rekstrargjöld fyrir tímabilið voru 921 mkr og hafði hækkað frá sama tíma og í fyrra um 30 mkr eða 3,3%. Rekstrargjöld eru á áætlun.

Heildareignir í lok tímabilsins námu 1.807 mkr sem er lækkun um 3,5% frá miðju árið 2010, þar af nema fastafjármunir 1.337 mkr og veltufjármunir um 470 mkr. Heildarskuldir voru 581 mkr og hafa lækkað um 15,3%. Langtímaskuldir eru 256 mkr og hafa lækkað um 21,4% frá sama tíma fyrir ári. Skammtímaskuldir eru 326 mkr og hafa lækkað um 10,7% á sama tíma. Eigið fé nam 1.226 mkr og hefur hækkað um 3,2%.

Fjárfestingarhreyfingar í heildina voru 57 mkr á fyrri hluta ársins og jukust um 39%. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 68 mkr en gert var ráð fyrir 390 mkr í rekstraráætlun, mest vegna flokkunarlausna og gasgerðarstöðvar. Lóð hefur ekki verið tryggð fyrir gasgerðarstöð og því ekki hægt að hefja undirbúning. Engin fjárfesting var á endurvinnslustöðvunum á tímabilinu. Fjárfestingar í Gufunesi námu 49 mkr en fjárfesting í Álfsnesi og svæðisáætlun nam um 19 mkr. Söluverð fastafjármuna var 12,3 mkr og breyting langtímakrafna 1,7 mkr. Greiddar afborgarnir langtímalán voru um 70 mkr. Engar nýjar lántökur hafa komið til á tímabilinu. Stofnfjárukning vegna endurvinnslustöðvanna nam 6,7 mkr.

Handbært fé frá rekstri nam 65 mkr en var 36 mkr fyrir sama tímabil 2010. Lækkun á handbæru fé frá áramótum er tæpar 56 mkr.

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Sorpu b.s á fyrstu sex mánuðum árána 2007-2011.

M.v. uppgjör 1. janúar - 30. júní	2007	2008	2009	2010
Eiginfjárlutfall	56,5%	58,4%	59,1%	63,4%
Arðsemi eigin fjár	13,2%	1,7%	3,0%	1,3%
Veltufjárlutfall	1,06	1,37	1,32	1,4
Skuldsetningarhlutfall	32,6%	32,3%	31,4%	26,9%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	3	2	2	3

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Setja þarf fram með skýrum hætti upplýsingar um rekstur, efnahag- og sjóðssteymi vegna endurvinnslustöðva í reikningsskilum Sorpu. Ekki er t.d. hægt að greina lántökur vegna endurvinnslustöðva sérstaklega. Þá eru eignir endurvinnslustöðva eignfærðar en ekki afskrifaðar.
- Helstu áhættur í rekstri Sorpu tengjast ytra efnahagsumhverfi og eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins.
- Mikilvægt er að eigendur setji eigendastefnu fyrir byggðasamlögin, þar sem m.a. er fjallað um hvenær skuli leita umboðs eigenda um mikilvægar fjárhagslegar ákvarðanir.

3.8 Strætó

Rekstrarniðurstaða Strætó jan-júní 2011 var jákvæð um 8,4 mkr, en á sama tímabili á árinu 2010 var rekstrarniðurstaða jákvæð um 79 mkr. Undangengin misseri hefur verið unnið markvisst að því að bæta stöðu og rekstrarhæfni Strætó bs.

Rekstrartekjur Strætó jan-júní 2011 voru 1.593 mkr sem er 4% samdráttur milli ára. Helstu tekjur koma frá framlögum eigenda sem námu 1.152 mkr og lækkuðu um 141 mkr á milli ára og fargjöldum 432 mkr sem hafa aukist á milli ára um 80 mkr eða 23%.

Rekstrargjöld Strætó námu 1.573 mkr og hafa hækkað um 0,6% á milli ára. Helstu gjöld voru vegna reksturs vagna 682 mkr sem hækkaði um 14% og aðkeypts aksturs verktaka 533 mkr sem lækkuðu um 14,2%. Á árinu fjölgaði eignum km eigin vagna um 7,7%, en fækkaði hjá verktökum um 2,1% miðað við árið 2010.

Heildareignir Strætó 30. júní 2011 voru 1.549 mkr, þar af fastafjármunir 699 mkr og veltufjármunir 850 mkr. Heildarskuldir voru 1.278 mkr og hafa lækkað um 44 mkr eða 3,3% milli ára. Langtímaskuldir nema um 711 mkr og skammtímaskuldir 567 mkr. Engin ný langtímalán voru tekin á tímabilinu.

Eigið fé í lok tímabils var jákvætt um 271 mkr en var jákvætt um 188 mkr árið áður. Batnandi eiginfjárstöðu má rekja til rekstrahagnaðar en einnig var byggðasamlaginu lagt til aukið stofnfé. Við lok tímabilsins var eigið fé jákvætt sem nemur 17,5% af heildareignum byggðasamlagsins. Handbært fé frá rekstri var 611 mkr í lok tímabilsins en var 466 mkr í árið 2010.

Fjárfestingahreyfingar fyrir tímabilið voru 103 mkr. en fyrir árið 2010 voru þær 9 mkr.

Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins á fyrstu sex mánuðum árána 2007-2011:

M.v. uppgjör 1. janúar - 30. júní	2007	2008	2009	2010	2011
Eiginfjárlutfall	-55,2%	-49%	-30,2%	-5,4%	18,4%
Arðsemi eigin fjár	13,6%	38,1%	-17,6%	-108%	7,8%
Veltufjárlutfall	0,20	0,48	1,06	1,39	1,54
Uppgreiðslutími langtímaskulda	N/A	32	4	4	7

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Strætó hefur sent eigendum afkomuviðvörðun og bent á að helstu útgjaldapættir, þ.e. laun, hráolía og verktakasamningar hafi hækkað talsvert umfram forsendur fjárhagsáætlunar. Á móti kemur að tekjur hafa einnig aukist umfram áætlun á síðustu mánuðum. Líklegt er að halli verði á rekstrinum.
- Fjárfesting í vögnum hefur verið óveruleg á síðustu árum og mikil þörf á að endurnýja vagna. Þó má benda á að rekstur stendur ekki undir fjárfestingum.
- Fyrirheit ríkisins um framlög til almenningsamgangna getur haft mikil áhrif á framtíð fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að rýna vel skilmála fyrir framlögum ríkisins og þau tækifæri sem framlögin skapa svo þau nýtist sem best.
- Mikilvægt er að eigendur setji eigendastefnu fyrir byggðasamlögin, þar sem m.a. er fjallað um hvenær skuli leita umboðs eigenda um mikilvægar fjárhagslegar ákvarðanir.

3.9 Jörundur ehf

Rekstrarniðurstaða fyrir fyrstu sex mánuðum ársins 2011 hjá Jörundi ehf. var neikvæð um 4,4 mkr. Rekstrartekjur félagsins voru engar en rekstrargjöld námu 4,4 mkr sem falla undir annan rekstrarkostnað.

Eignir Jörundar ehf. þann 30. júní 2011 námu 1.239 mkr þar af voru fastafjármunir 1.141 mkr og veltufjármunir 98 mkr. Eigið fé nam um 72 mkr og skuldir 1.167 mkr.

3.10 Aflvaki hf

Engin starfsemi var í rekstrarfélaginu Aflvaka hf. á fyrstu sex mánuðum ársins 2011. Rekstrartekjur ársins voru engar og rekstrargjöld voru tæplega 0,2 mkr. Eignir námu um 7,6 mkr þann 30. júní 2011, þar af 5 mkr í eignarhlutum í öðrum félögum og kröfur á Reykjavíkurborg um 2,5 mkr. Eigið fé var um 7,6 mkr og skuldir engar.

Viðauki 1: Kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Eiginfjárlutfall (*Equity ratio*)

Mælt sem hlutfall eigin fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tapþol fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Meðaleiginfjárlutfall bandarískra sveitarfélaga er talið vera um 70%, japanska um 50% og sænskra sveitarfélaga um 77% (árið 2008). Bandarísku og sænsku hlutföllin teljast mjög há sem þykir bera vott um mikinn fjárhagslegan styrk þessara sveitarfélaga en almennt hefur 50% eiginfjárlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Hér verður að gefa því gaum að víða erlendis er notast við aðrar uppgjörsaðferðir (gangvirðisuppgjör) en tíðkast hérlendis (kostnaðaruppgjör) sem þýðir í uppsveiflu hagkerfis að eigið fé mælist væntanlega mun hærra en ella og að jafnaði mun meiri sveiflu í þessu hlutfalli. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánadrottnum þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárlutfall samstæðunnar.

Arðsemi eigin fjár (*Return on equity ratio*)

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvestir í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar.

Veltufjárlutfall (*Current ratio*)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

Skuldsetningarhlutfall (*Gearing ratio*)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lykilatriði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrekum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lág hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Vaxtaþekja (*Interest expence coverage ratio*)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) - m.ö.o. rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringarmátt kennitölnnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert herra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringarmátt kennitölunnar.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) - m.ö.o. rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum þarf herra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringarmátt kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert herra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringarmátt kennitölunnar.

Uppgreiðslutími langtímaskulda(Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af veltufé frá rekstri á móti langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

(mkr)	A-hluti	Aflvæki	Bílasæðasjóður	Faxafléahafnir	Félagsbúskaðir	Mallhúmarstöðin Héðin	Orkuveita Reykjavíkur	Stök k-við höftöðs.v.	Sörpa	Sfræð	Samstaða A og B hluti
	100,00%	100,00%	75,00%	100,00%	100,00%	100,00%	93,539%	61,40%	66,14%		0
Eignarhlutur Rvk											
Reksrartekjur	32.253.396	0	348.712	1.055.438	1.333.039		16.675.622	810.896	930.428	1.592.730	50.822.049
Reksfrangjöld	32.306.857	0	265.654	1.076.422	915.001		10.299.964	645.061	921.015	1.558.980	43.958.934
Aískrifir	1.589.049	0	39.016	390.000	242.022		4.136.422	41.110	62.743	52.185	6.612.249
Fjármagnsliði	942.955	0	181	-86.728	-1.250.048		-11.154.031	51.055	-2.068	-11.418	13.395.102
EBIT	-53.461	0	83.058	-20.984	418.038	-40.361	6.375.658	165.835	9.413	33.750	6.863.115
EBITDA	1.535.588	0	122.074	369.016	660.061	-8.834	10.512.080	206.945	72.155	85.935	13.475.364
Hagnaður (- tap)	-996.416	0	83.239	-107.712	-832.010	-41.465	-3.821.673	156.966	7.345	22.332	-5.372.950
Fastafrámmunir	111.569.726	0	1.620.219	11.625.119	20.499.339	510.396	281.586.828	1.619.892	1.336.764	699.472	421.289.732
Veltufjármunir	20.311.124	0	126.598	968.637	192.702	702.164	11.505.372	492.156	470.077	850.113	34.125.282
Heildareignir	131.880.850	0	1.746.817	12.593.756	20.692.041	1.212.560	293.092.200	2.112.048	1.806.841	1.549.585	455.415.014
Skammtímaskuldur	11.873.853	0	75.139	568.686	910.500	291.215	23.138.868	283.194	325.757	552.992	37.394.482
Langtímaskuldur	32.507.552	0	192.000	1.585.119	25.484.327	0	217.020.108	1.242.249	242.739	711.196	271.859.557
Skuldbindingar	8.181.424	0	223.056	72.764	0	47.464	3.448.128	0	12.786	0	12.038.158
Heildarskuldur	52.562.829	0	490.195	2.226.569	26.394.827	338.679	243.607.104	1.525.443	581.282	1.264.188	321.292.197
Eigið fé	79.318.021	0	1.256.622	10.367.187	-5.702.786	873.881	49.485.096	586.606	1.225.559	285.397	134.122.817
Skuldir og eigið fé	131.880.850	0	1.746.817	12.593.756	20.692.041	1.212.560	293.092.200	2.112.049	1.806.841	1.549.585	455.415.014
Handbært fé frá rekstri	2.914.865	0	113.648	531.706	-18.178	-323.210	8.928.269	71.972	64.476	98.986	12.539.350
Fjárfestingahreyfingar	-9.091.914	0	-288.932	-242.264	-281.053	-2.129	-5.304.551	-15.779	-57.005	-102.838	-7.918.347
Ný langtímalán	2.861.358	0	240.000	0	391.211	0	-7.276.677	-21.206	0	169.951	3.866.238
Greiddar afborganir	-821.594	0	0	-3.460	-281.191	0	-7.276.677	-21.206	-69.693	-273.257	-8.718.405
Nýtt framlag eigenda	0	0	0	0	45.000	0	0	0	6.717	75.000	37.339
Greiddur arður	0	0	0	-173.000	0	-19.250	0	0	0	0	-2.664.864
Staða á handbæru fé 30.06.10	10.413.846	0	471	538.133	3.058	1.524	3.681.849	420.463	169.215	611.432	15.976.543
Veltufé frá rekstri	1.981.830	0	127.229	337.034	173.987	-8.455	8.885.864	149.719	89.181	70.365	11.768.462
Eiginfjárhútfall	60,1%		71,9%	82,3%	-27,6%	72,1%	16,9%	27,8%	67,8%	18,4%	29,5%
Arðsemi eigin fjár	-1,3%		6,6%	-1,0%		-4,7%	-7,7%		0,6%	7,8%	-4,0%
Veltufjárhútfall	1,71		1,68	1,70	0,21	2,41	0,50	1,74	1,44	1,54	0,91
Skuldsætingarhútfall	41,0%					0,0%	438,6%		19,8%	249,2%	202,7%
Vaxtaþekja, EBIT/netto vextir							3,96				
Vaxtaþekja, EBITDA/netto vextir							6,53				
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)							0,72				
Skuldaþekja, EBITDA/(gr. afb.+netto vextir)							1,18				
Uppgreiðslutími	9		1		74	0	13	4	2	7	12

Skýrsgar

Eiginfjárhútfall Eigið fé á móti heildarfjármágn. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tappól).

Arðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár f fyrirtæki

Veltufjárhútfall Veltufjármunir á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhrættu af skuldsætingu fyrirtækis.

Skuldsætingarhútfall Langtímaskuldur á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhrættu af skuldsætingu fyrirtækis.

Vaxtaþekja, EBIT/netto fjárm. Reks traamiðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti vaxtaþekjulum

Vaxtaþekja, EBITDA/netto fjárm. Reks traamiðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskrifir (EBITDA) á móti vaxtaþekjulum

Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto fjárm.) Reks traamiðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti afborgunum og vaxtaþekjulum

Skuldaþekja, EBITDA/(gr. afb.+netto fjárm.) Reks traamiðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskrifir (EBITDA) á móti afborgunum og vaxtaþekjulum

Uppgreiðslutími skulda (ár) Heildarskuldin á móti handbært fé frá rekstri.

Viðauki 2: Um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B-hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnslu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A-hluta borgarsjóðs.

Byggðasamlögin, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaga fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

Bílastæðasjóður er 100% í eigu Reykjavíkurborgar. Fyrirtækið hefur ekki sérstaka stjórn og greiðir ekki formlega arð til Reykjavíkurborgar en viðskiptastaða fyrirtækisins gagnvart borginni vegna afgangss eða nýrra framlaga fer um viðskiptamannareikning við Aðalsjóð. Fyrirtækið er nú rekið í nánnum tengslum við Umhverfis- og samgöngusvið borgarinnar.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem er stofnað um uppbyggingu íbúðahúsnæðis sem félagslegs úrræðis og ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn annars vegar skv. reikningsskilavenjum borgarinnar og hins vegar á grundvelli gangverðs eigna, en það tengist almennu skuldabréfaútbóði fyrirtækisins sem er með bakábyrgð Reykjavíkurborgar.

Malbikunarstöðin Höfði hf er í 100% eigu Reykjavíkurborgar. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt almennum stöðlum um reikningsskil. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum tveggja fyrirtækja, Höfða og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Fyrirtækið Faxaflóahafnir er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarinnar 75%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera ábyrgð með eignarhlutum sínum á rekstrinum. Fyrirtækið tekur í dag allar rekstrar- og fjárfestingarákvarðanir án samráðs við fjármálaskrifstofu.

Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísu, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Nýjar reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007. Orkuveitan fer með viðkvæma lögbundna þjónustu fyrir hönd eignaraðila, ekki síst vatnsveitu og fráveitu, auk sölu á heitu vatni og raforku.

Íprótta- og sýningahöllin er hlutafélag að 50% í eigu Reykjavíkurborgar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt almennum stöðlum m.a. varðandi gangverð eigna.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 61,4% eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Sorpa bs er 66,14% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast sorphirðu og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Jörundur er einkahlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar. Fyrirtækið hét upphaflega Austurstræti 22 og var um rekstur þeirrar fasteignar. Á árinu 2008 var nafni þess breytt í Jörundur ehf. og fasteignin Lækjargata 2 bættist við eignir fyrirtækisins.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var ekki í rekstri 2008.

Viðauki 3: Uppgjör Aðalsjóðs

Rekstrarreikningur tímabilið janúar - júní 2011

	Árshlutareikningur jan.- júní 2011	Fjárhagsáætlun jan.- júní 2011	Ársreikningur 2010
REKSTRARTEKJUR			
Skatttekjur	27.812.923	25.994.708	51.094.409
Aðrar tekjur	4.759.451	4.964.379	11.266.328
Rekstrartekjur samtals	32.572.374	30.959.087	62.360.737
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	16.872.890	16.379.457	30.529.231
Annar rekstrarkostnaður	19.540.427	19.603.344	37.441.643
Rekstrargjöld samtals	36.413.317	35.982.801	67.970.874
Rekstramiðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ..	(3.840.943)	(5.023.714)	(5.610.137)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3.571.979	1.849.667	6.412.683
Rekstrarniðurstaða	(268.963)	(3.174.047)	802.546

Efnahagsreikningur 30. júní 2011

	Ársreikningur 30.06.2011	Ársreikningur 2010
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutir í félögum	7.682.446	7.407.367
Langtímakröfur, víkjandi skuldabréf	7.612.139	0
Langtímakröfur	46.240.653	44.809.669
Fastafjármunir samtals	61.535.239	52.217.035
VELTUFJÁRMUNIR		
Skammtímakröfur:		
Óinnheimtar tekjur	5.070.086	6.645.531
Næsta árs afborganir langtímakrafna	2.847.387	2.773.476
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki	1.013.970	897.992
Aðrar skammtímakröfur	1.980.029	1.271.330
Handbært fé	10.359.720	14.342.681
Veltufjármunir samtals	21.271.192	25.931.010
EIGNIR SAMTALS	82.806.430	78.148.045

Efnahagsreikningur 30. júní 2011

	Ársreikningur 30.06.2011	Ársreikningur 2010
SKULDIR OG EIGÐ FÉ		
EIGÐ FÉ		
Eiginfjárreikningur	61.891.738	62.160.702
Eigið fé samtals	61.891.738	62.160.702
SKULDBINDINGAR		
Lífeyrisskuldbinding	8.131.038	8.378.247
Aðrar skuldbindingar	50.385	49.947
Skuldbindingar samtals	8.181.424	8.428.194
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	776.680	1.073.867
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindingar	1.164.100	1.164.100
Skuldir við eigin fyrirtæki	4.704.656	1.146.869
Aðrar skammtímaskuldir	6.087.833	4.174.313
Skammtímaskuldir samtals	12.733.268	7.559.149
Skuldir og skuldbindingar samtals	20.914.692	15.987.343
SKULDIR OG EIGÐ FÉ SAMTALS	82.806.430	78.148.045

Yfirlit um sjóðstreymi janúar - júní 2011

	Árshlutareikningur jan.- júní 2011	Fjárhagsáætlun jan.- júní 2011	Ársreikningur 2010
REKSTRARHREYFINGAR			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	(268.963)	(3.174.047)	802.546
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gengismunur langtímakrafna	(1.673.239)	(452.506)	(1.256.944)
Breyting lífeyris- og annarra skuldbindinga	300.438	300.000	370.255
Veltufé frá rekstri	(1.641.764)	(3.326.553)	(84.143)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Óinnheimtar tekjur (hækkun), lækkun	1.575.445	0	(154.670)
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun), lækkun	(708.699)	0	(274.779)
Skammtímas kuldí, (lækkun), hækkun	1.616.332	0	233.577
Greiðslur vegna lífeyris skuldbindingar	(547.209)	(700.000)	(1.099.844)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	1.935.869	(700.000)	(1.295.716)
Handbært fé frá rekstri	294.105	(4.026.553)	(1.379.859)
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
Eignarhlutar í félögum, breyting	(275.080)	(92.818)	(81.356)
Verðbréf, veitt víkjandi lán	(7.483.120)	0	0
Verðbréf, breyting	39.324	1.279.127	2.869.394
Fjárfestingarhreyfingar	(7.718.875)	1.186.310	2.788.038
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Eigin fyrirtæki, breyting	3.441.809	(87.377)	(203.714)
Fjármögnunarhreyfingar	3.441.809	(87.377)	(203.714)
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ	(3.982.961)	(2.927.620)	1.204.465
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	14.342.681	14.342.681	13.138.216
HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABÍLS	10.359.720	14.339.753	14.342.681

Viðauki 4: Uppgjör Eignasjóðs

Rekstrarreikningur jan. - júní 2011

	Árshlutareikningur jan. - júní 2011	Fjárhagsáætlun jan. - júní 2011	Ársreikningur 2010
REKSTRARTEKJUR			
Leigutekjur	6.543.414	6.149.005	11.709.818
Aðrar tekjur	1.531.260	1.707.261	3.190.560
Rekstrartekjur samtals	8.074.673	7.856.266	14.900.377
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	559.055	584.038	1.232.571
Annar rekstrarkostnaður	2.667.513	2.692.247	5.306.081
Afskriftir	1.589.049	1.602.434	2.969.868
Rekstrargjöld samtals	4.815.617	4.878.718	9.508.519
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	3.259.056	2.977.548	5.391.858
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(4.514.934)	(1.945.875)	(4.722.032)
Rekstrarniðurstaða	(1.255.878)	1.031.673	669.826

Efnahagsreikningur 30. júní 2011

	Árshlutareikningur 30.6.2011	Reikningur 2010
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir og lóðir	72.227.736	71.923.671
Götur	10.268.119	10.426.678
Áhöld og tæki	1.196.259	1.325.124
Leigueignir	9.361.922	9.629.420
	93.054.036	93.304.893
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Langtímakröfur	2.220.681	1.467.051
	2.220.681	1.467.051
Fastafjármunir samtals	95.274.716	94.771.943
VELTUFJÁRMUNIR		
Skammttímakröfur:		
Viðskiptakröfur	499.982	116.129
Næsta árs afborganir langtímakrafna	155.506	677.268
Inneign hjá Aðalsjóði	4.454.551	896.004
Aðrar skammttímakröfur	534.016	539.688
Handbært fé	54.126	325.188
Veltufjármunir samtals	5.698.182	2.554.277
EIGNIR SAMTALS	100.972.898	97.326.220

Efnahagsreikningur 30. júní 2011

	Árshlutareikningur 30.6.2011	Ársreikningur 2010
SKULDIR OG EIGÐ FÉ		
EIGÐ FÉ		
Eiginfjárreikningar	17.933.703	19.189.581
	17.933.703	19.189.581
LANGTÍMASKULDIR		
Langtímaskuldir	64.073.017	59.736.018
Leiguskuldir	12.638.919	12.104.705
	76.711.935	71.840.723
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	486.028	1.113.377
Næsta árs afborganir langtímaskulda	3.965.512	3.837.941
Næsta árs afborganir leiguskulda	442.021	442.021
Aðrar skammtímaskuldir	1.433.698	902.577
Skammtímaskuldir samtals	6.327.259	6.295.916
Skuldir samtals	83.039.195	78.136.639
SKULDIR OG EIGÐ FÉ SAMTALS	100.972.898	97.326.220

Yfirlit yfir sjóðstreymi jan. - júní 2011

	Árshlutareikningur jan. - júní 2011	Fjárhagsáætlun jan. - júní 2011	Ársreikningur 2010
REKSTRARHREYFINGAR			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	(1.255.878)	1.031.673	669.826
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	1.589.049	1.602.434	2.969.868
Söluhagnaður/tap eigna	(171.896)	(210.400)	(171.283)
Niðurfærsla langtímakrafna	0	0	1.147.000
Verðbætur og gengismunur krafna/skulda	2.933.894	695.976	1.586.428
Veltufé frá rekstri	3.095.169	3.119.682	6.201.839
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(378.181)	52.000	(187.202)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	(96.228)	0	(375.433)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(474.409)	52.000	(562.635)
Handbært fé frá rekstri	2.620.760	3.171.682	5.639.205
FJÁRFESTINGAHREYFINGAR			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(1.625.381)	(1.626.832)	(5.328.022)
Innborguð (endurgreidd) gatnagerðargjöld	257.005	0	93.174
Endurgreiddur byggingaréttur	(50.421)	0	(64.267)
Söluverð fasteigna	252.500	220.000	361.200
Langtímakröfur, breyting	(206.742)	(53.986)	(1.311)
Fjárfestingahreyfingar	(1.373.038)	(1.460.818)	(4.939.226)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Tekin ný lán	2.861.358	3.150.000	6.447.308
Afborganir langtímalána	(821.594)	(1.980.871)	(6.580.244)
Krafa á Aðalsjóð, breyting	(3.558.547)	(211.975)	(309.551)
Fjármögnunarhreyfingar	(1.518.783)	957.154	(442.487)
HÆKKUN Á HANDBÆRU FÉ	(271.062)	2.668.018	257.492
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	325.188	325.188	67.696
HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS	54.126	2.993.206	325.188

Viðauki 5: Staða innheimtumála

8. ágúst 2011

Minnisblað**Efni:** Skýrsla um stöðu innheimtumála**Viðtakandi:** Borgarráð**Sendandi:** Fjármálastjóri

Á fundi borgarráðs 7. júlí sl var lagt fram mánaðaruppgjör A-hluta vegna janúar-apríl 2011. Við þá umræðu kom fram fyrirspurn um stöðu innheimtumála. Meðfylgjandi samantekt er nú lögð fram að beiðni formanns borgarráðs.

Heildarkröfur vegna fasteigna- og þjónustugjalda

Meðfylgjandi tafla (tafla 1) sýnir stöðu og innheimtuárangur í júlí 2011 á öllum útstandandi kröfum vegna fasteigna- og þjónustugjalda vegna árána 2007-2011. Varðandi tölur fyrir 2011 verður að hafa í huga að árið 2011 er aðeins hálfnað.

Tafla 1:

Ár	2007	2008	2009	2010	2011
Höfuðstóll ógreiddur	24.904.430	168.435.583	666.344.363	767.513.392	616.218.129
Höfuðstóll samtals	14.836.602.930	17.143.512.196	18.664.512.394	18.405.585.059	8.554.963.145
Innheimtuhlutfall í júlí 2011	99,8%	99,0%	96,4%	95,8%	92,8%

Tafla 1 sýnir að náðst hefur að innheimta langflestar kröfur ársins 2007 í fruminnheimtu eða eftir atvikum milliinnheimtu eða löginheimtu. Kröfur ársins 2011 eru hins vegar að litlu leyti komnar í milliinnheimtu og engar í löginheimtu en innheimtuhlutfall er engu að síður komið í tæp 93%.

Næsta tafla (tafla 2) greinir stöðu vanskila í innheimtuferlinu miðað við tvær dagsetningar, 1. júlí 2010 og 1. júlí 2011, til að gefa betri sýn á stöðu vanskila í ár m.v. fyrra ár.

Tafla 2:

	1. júlí 2010		1. júlí 2011	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
Kröfur í milliinnheimtu	18.234	1.220.087.189	19.012	548.117.793
Mál í löginheimtu	3.636	1.386.819.586	7.435	2.007.603.519
Samtals	21.870	2.606.906.775	26.447	2.555.721.312

Ástæða þessarar breytinga milli ára í fjárhæð krafna í milliinnheimtu er einkum sú að vatnsgjald og fráveitugjald eru nú innheimt beint af Orkuveitu Reykjavíkur en voru hluti af fasteignagjöldum á árinu 2010. Ástæðu breytinga í fjölda mála á milli ára í löginheimtu má hins vegar rekja til þess að mikill aukning varð á fjöldi mála vegna skólamáltíða í löginheimtu (kröfuvakt) sem voru áður í milliinnheimtu og að fasteignagjöld 2009 og 2010 eru að skila sér verr en áætlað var vegna breytinga á innheimtuferlinu. Þar veldur mestu tímabundið lagaákvæði um 4 ára lögveð fasteignagjalda sem áður var 2 ár og ekki er þess vegna gengið jafn hart fram í innheimtu þessara gjalda og áður var. Vakin er einnig athygli á að einn gjaldandi (lögaðili) er einungis með nokkur mál í löginheimtu en að heildarupphæð krafna hans í vanskilum er 525 mkr. í höfuðstól vegna gatnagerðargjalda og fasteignagjalda.

Fasteignagjöld

Stærstur hluti fasteignagjalda er innheimtur á álagningarárinu. Í meðfylgjandi töflu (tafla 3) er sýnt innheimtuhlutfall fasteignagjalda á álagningarári fyrir hvert ár 2003-2011. Taflan sýnir að þetta hlutfall hefur

lækkað eftir 2008 en hafði lítil áhrif á árinu 2008 þar sem hrunið varð þegar innheimtu þessara gjalda var að mestu lokið. Slaka innheimtu ársins 2009 má að hluta rekja til þess að bankar höfðu ekki enn yfirtekið fasteignafélög sem bætti innheimtuna á árinu 2010.

Tafla 3:

Álagning og innheimta fasteignagjalda	31. des hvers árs
Álagning 2011 innheimt 2011	92,50%
Álagning 2010 innheimt 2010	94,03%
Álagning 2009 innheimt 2009	92,11%
Álagning 2008 innheimt 2008	96,64%
Álagning 2007 innheimt 2007	98,16%
Álagning 2006 innheimt 2006	98,15%
Álagning 2005 innheimt 2005	97,62%
Álagning 2004 innheimt 2004	96,84%
Álagning 2003 innheimt 2003	95,57%

Langflestar kröfur vegna fasteignagjalda eða 90% hafa verið greiddar á reglubundnum gjalddögum á árinu 2011 en sama hlutfall var 88% m.v. árslok 2010 og 89% m.v. árslok 2009. Í lok árs 2009 juku greiðslur fasteignagjalda í frum- og milliinnheimtu innheimtuárangur í 92% en í lok árs 2010 náði sama hlutfall 94%. Það sem af er þessu ári er innheimtuárangur eftir milli- og löginnheimtu kominn í 92,5% vegna 2011. Nú eru um 5% krafna sem ná til um 7,5% kröfufjárhæða útistandandi vegna 2011. Þetta kemur fram í neðangreindir töflu.

Tafla 4:

Fasteignagjöld	Fjöldi krafna	Heildarfjárhæð	Hlutfall greitt
Álögð gjöld	228.203	6.671.833.284	
Greitt í fruminnheimtu	209.910	6.036.050.469	90%
Sent í milliinnheimtu	18.293	635.782.815	
Greitt í milliinnheimtu	6.052	134.134.699	92,5%
Útistandandi skuld/6 mánuðir	11.160	448.860.555	
Útistandandi/hlutfall af heild	5%	7,5%	

Leikskólagjöld

Innheimtuárangur fruminnheimtu vegna leikskólagjalda á öllu árinu 2009 var um 95% en á árinu 2010 um 96% en er það sem af er þessu ári 2011 um 93%. Frum- og milliinnheimta skilaði á árinu 2009 um 99% og á árinu 2010 um 98% en er kominn í 97% nú, þessi munur er þó ekki marktækur. Nú eru um 3% krafna sem ná til um 3% kröfufjárhæða útistandandi vegna 2011.

Tafla 5:

Leikskólagjöld	Fjöldi krafna	Heildarfjárhæð	Hlutfall greitt
Álögð gjöld	30.040	622.532.619	
Greitt í fruminnheimtu	27.996	581.857.340	93%
Sent í milliinnheimtu	2.044	40.675.279	
Greitt í milliinnheimtu	1.088	22.010.245	97%
Útistandandi skuld/6 mánuðir	924	17.749.469	
Útistandandi/hlutfall af heild	3%	3%	

Gjöld fyrir skólamáltíðir:

Innheimtuárangur fruminnheimtu vegna skólamáltíða á öllu árinu 2009 var um 95% en á árinu 2010 um 97% en er það sem af er þessu ári 2011 um 92%. Frum- og milliinnheimta skilaði á árinu 2009 um 98% og á árinu 2010 um

98% en er komin í 96% nú, þessi munur er þó ekki marktækur. Nú eru um 4% krafna sem ná til um 4% kröfufjárhæða útistandandi vegna 2011.

Tafla 6:

Skólamáltíðir	Fjöldi krafna	Heildarfjárhæð	Hlutfall greitt
Álögð gjöld	49.940	452.180.795	
Greitt í fruminnheimtu	45.100	417.032.566	92%
Sent í millinnheimtu	4.840	35.148.229	
Greitt í millinnheimtu	2.271	16.728.533	96%
Útistandandi skuld/6 mánuðir	2.028	14.721.741	
Útistandandi/hlutfall af heild	4%	4%	

Gjöld fyrir frístundaheimili:

Innheimtuárangur fruminnheimtu vegna frístundaheimila á öllu árinu 2009 var um 92% en um 97% á árinu 2010 en er það sem af er þessu ári 2011 um 94%. Frum- og milliinnheimta skilaði á árinu 2009 um 96% en 98% á árinu 2010 en er um 97% nú á árinu 2011, þessi munur er þó ekki marktækur. Nú eru um 4% krafna sem ná til um 3% kröfufjárhæða útistandandi vegna 2011.

Tafla 7:

Frístundaheimili	Fjöldi krafna	Heildarfjárhæð	Hlutfall greitt
Álögð gjöld	21.779	295.988.760	
Greitt í fruminnheimtu	20.011	278.254.672	94%
Sent í millinnheimtu	1.768	17.734.088	
Greitt í millinnheimtu	898	8.564.614	97%
Útistandandi skuld/6 mánuðir	831	8.802.250	
Útistandandi/hlutfall af heild	4%	3%	

Samkvæmt ofangreindu má álykta að staða innheimtumála sé í góðu horfi.

Innheimtureglur:

Markmið borgarráðs með setningu innheimtureglna fyrir Reykjavíkurborg var að setja skýrar og samræmdar innheimtureglur um gjalddaga, eindaga og innheimtuaðferðir til að efla innheimtuárangur, draga úr vanskilum með tilheyrandi kostnaði og til að tryggja jafnræði við innheimtu krafna. Og jafnframt að samræma verklag og vinnuferla til að tryggja skilvirkni og kostnaðarhagkvæmni.

Það er mat Fjármálaskrifstofu að gildandi innheimtureglur eigi að uppfylla markmið um samræmda innheimtu og jafnræði í meðferð krafna ef þeim er fylgt. Æskilegt er að bæta við svohljóðandi ákvæðum um kröfuvakt í nýrri grein (3.6):

„Almennt skal við það miðað að ljúka vanskilamálum með árangurslausu fjárnámi ef fullnusta kröfu fæst ekki með öðrum hætti. Afskrifaðar kröfur skulu vaktaðar í kröfuvakt.“

Ef slík endurskoðun yrði gerð má samtímis skerpa á orðalagi í einstökum ákvæðum.

Það er ennfremur mat Fjármálaskrifstofu að bæta megi enn frekar verklag og vinnuferla við innheimtu og auka kostnaðarhagkvæmni með því að fela alla innheimtu einni innheimtudeild í stað núverandi fyrirkomulags.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Viðauki 6: Afkomuviðvaranir sviða

8. ágúst 2011

Minnisblað

Efni: Afkoma Íþrótt- og tómstundasviðs, Menntasviðs og Leikskólasviðs vegna ársins 2011
Viðtakandi: Borgarstjóri. Formaður borgarráðs.
Sendandi: Fjármálastjóri / skrifstofustjóri fjármála

Fjármálaskrifstofu hefur borist afkomuviðvörðun vegna ársins 2011 frá Íþrótt- og tómstundasviði, Menntasviði og Leikskólasviði. Í öllum tilvikum er varað við því að áætlun um hagræðingu í rekstri nái ekki fram að ganga eða henni verði ekki náð að fullu á þessu ári vegna þess að innleiðing á breytingum hefur seinkað miðað við það sem áætlun gerði ráð fyrir, útfærslu hagræðingar hefur verið breytt eða útfærslu ekki lokið. Í einhverjum tilvikum er kostnaður að fara framúr áætlun vegna utanaðkomandi ástæðna og greiðslur ekki að berast frá ríki í samræmi við áætlanir.

Helstu þættir sem vakin hefur verið athygli á eru eftirfarandi⁶:

Íþrótt- og tómstundasvið:

Sviðsstjóri varar við því að skipulagsbreytingar hafi tafist, gjaldtöku á Ylströnd hefur ekki verið komið á, mótframlag ríkisins vegna frístundastarfs fatlaðra barna og unglinga er ekki að skila sér í samræmi við áætlun, útgjöld vegna stuðnings á frístundaheimilum vegna einhverfu-tilfella er að aukast, horfið hefur verið frá lokun sundstaða sem fyrirhuguð var vegna viðhalds, tekjulækkun sundlauga vegna aldraðra og borgarstarfsmanna, aukin húsaleiga vegna flutnings aðalskrifstofu í Borgartún, nýir íþróttasalir í Sæmundar- og Norðlingaskóla teknir í notkun í haust, aukinn stuðningur við íþróttastarf í Grafarholti og Úlfarsárdal, Menntasvið hefur horfið frá kostnaðarþátttöku í norrænu grunnskólamóti, auk þess sem rekstrarafkoma Skíðasvæðanna er í járnum.

Ekki eru birtar áætlaðar tölur um möguleg frávik nema að hluta til. Sviðsstjóri telur stefna í að útgjöld verði að lágmarki um 105 mkr umfram fjárheimildir. Uppgjör fyrir tímabilið janúar – apríl er þegar farið að sýna ákveðin hættumerki, s.s. tekjutap sundlauga og frístundaheimila m.v. fjárhagsáætlun, þrátt fyrir að sviðið sé undir heimildum í heild sinni á tímabilinu.

⁶ Sjá hjálögð bréf hlutaðeigandi sviðsstjóra

Menntasvið:

Sviðsstjóri bendir á að árangur hagræðingar vegna skila á húsnæði og endurskipulagningar mótuneyta er óljós, skipulagsbreytingar hafi tafist, óljóst er með árangur af sameiningu sérskóla, nemendafjölgun, aukin sérkennsla, langtímaforföll starfsmanna meiri, aksturskostnaður vegna fatlaðra nemenda hærri auk þess sem akstur úr frístund er ófjármagnaður, hækkun á hráefniskostnaði í mótuneytum, bónun á dúkum er ábótavant, endurnýjun og viðhald á tölvubúnaði er ábótavant, vanskil hafa aukist í mótuneytum grunnskóla og hækkun á innri leigu vegna flutninga sviðsins frá Fríkirkjuvegi í Borgartún.

Fjölmarginir liðir sem nefndir eru hér hafa ekki verið metnir til fjárhæða í bréfi sviðsstjóra, en útgjöld sviðsins stefna að mati sviðsstjóra að lágmarki í 135 mkr umfram fjárheimildir og eru þá ótaldir þættir eins og árgangur af hagræðingu mótuneyta og skil á húsnæði. Uppgjör fyrir tímabilið janúar – apríl er þegar farið að sýna ákveðin hættumerki og er rekstur sviðsins 123 mkr yfir fjárheimildum á tímabilinu.

Leikskólasvið:

Samkvæmt sviðsstjóra eru ástæður vandans að skipulagsbreytingar hafa tafist og sameiningar færri en áætlað, úthlutunareglur vegna sérkennslu hafa ekki verið endurskoðaðar eins og til stóð, langtímaveikindi eru meiri, hækkun á hráefniskostnaði í mótuneytum og hækkun á innri leigu vegna flutninga sviðsins frá Fríkirkjuvegi í Borgartún.

Hér stefnir í að mati sviðsstjóra að útgjöld verði að lágmarki um 62 mkr. umfram fjárheimildir og þá ekki allir liðir verið metnir. Sviðið er innan heimilda skv. uppgjóri janúar – apríl en sviðið varar er við þáttum sem stefna framúr.

Samantekið:

Í heildina vara ofangreind svið við því að fara að lágmarki um 300 mkr. fram úr fjárheimildum og vantar augljóslega í þá fjárhæð stórar tölur. Samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar ber sviðsstjóra „... að bregðast við frávikum sem birtast í mánaðarlegum skýrslum með viðeigandi hætti með það að markmiði að halda rekstrinum innan samþykkrar fjárhagsáætlunar og í samræmi við markmið og áherslur í starfsáætlun ársins.“ Líta verður á afkomuviðvaranir sviðsstjóra sem fyrstu viðbrögð en í framhaldinu má gera ráð fyrir að sviðsstjórar komi með tillögur um hagræðingar til að halda sig innan fjárheimilda.

Gert er ráð fyrir að þegar sex mánaða uppgjör Reykjavíkurborgar verði lagt fram í lok ágúst-mánaðar geri sviðin með ítarlegum hætti grein fyrir áætlaðri framvindu rekstrar í samanburði við fjárhagsáætlun það sem eftir lifir ársins. Mikilvægt er brugðist sé eins fljótt og unnt er við þeim frávikum sem hér koma fram, innan viðkomandi sviða eða utan.

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri
Halldóra Káradóttir, skrifstofustjóri fjármála